



**MANNDRÁP
OG MEIRIHÁTTAR LÍKAMSMEIÐINGAR**
Mörk 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. þegar bani hlýst af atlögu
Sonja Hjördís Berndsen

2011
BA í lögfræði

Höfundur: Sonja Hjördís Berndsen
Kennitala: 251186-2439
Leiðbeinandi: Hulda María Stefánsdóttir

Lagadeild
School of Law

Útdráttur

Efni ritgerðar þessarar eru skilin milli ákvæðis 211. gr. um manndráp af ásetningi og ákvæðis 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um meiriháttar líkamsárás, þegar bani hlýst af atlögu. Verknaður sem leiðir til dauða er felldur undir 211. gr. hgl. nái ásetningur geranda bæði til frumverknaðar og þess dauðdaga sem fylgir verknaðinum. Verði afleiðingarnar sem í dauðdaganum felast eingöngu raktar til gáleysis geranda, er háttsemi felld undir 2. mgr. 218. gr. hgl.

Við athugun á dómum Hæstaréttar sem gengið hafa um ákvæði 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. vekur athygli að þegar metinn er ásetningur eða gáleysi til afleiðinga verknaðar, reynir einkum á það hvort líkindaásetningur eða efri stig ásetnings nái til afleiðinga. Telji dómari að svo sé ekki, eru afleiðingar raktar til gáleysis og háttsemi felld undir 2. mgr. 218. gr. hgl.

Gerð var könnun á dómum Hæstaréttar sem gengið hafa um ákvæðin á tímabilinu 1980 til 2010. Athyglivert þótti að verknaðaraðferðir sem beitt var við fullframningu brots virðast hafa talsvert vægi við sakarmat, þegar metið er hvort afleiðingar verknaðar verði raktar til ásetnings eða gáleysis. Slíkt mætti gagnrýna í ljósi þess að verknaðaraðferðir gefa ekki fortakslaust til kynna hver hafi verið huglæg afstaða geranda á verknaðarstundu, þegar bani hlýst af líkamsárás.

Abstract

The purpose of this thesis is to describe the contrast between Article 211 on voluntary manslaughter and Article 218(2) on serious bodily harm when the victim dies as a result of the attack, both of which are stipulated in the Icelandic General Penal Code no. 19/1940. Criminal liability for manslaughter, set forth in Article 211, requires proof that the offender had the intention to deprive another person of his life. On the other hand, an offence which leads to death as set forth in Article 218(2) occurs when the offender has the intention to cause bodily harm, but the evidence do not support his intention to kill.

When reviewing cases, which have appeared in court regarding Articles 211 and 218(2), it was intriguing that when the court determines whether the effect of an offence is caused by intention or negligence, the court notably only seems to ascertain if the intent of the offender is of higher stages of intention. Otherwise, the effect of the unlawful force is found to be by virtue of negligence and consequently contrary to Article 218(2).

Cases, which have appeared before the Supreme Court of Iceland, during the period of 1980-2010 on the two Articles, were analysed. The conclusion of the analysis is that methods used to complete an offence that leads to death appear to have an immense affect, when the court determines whether the effect of unlawful force is by virtue of intention or negligence of the offender. This may be criticized due to the fact that methods of killing do not invariably indicate the accused's true state of mind at the time of committing an act that leads to death.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. Manndráp og líkamsmeiðingar	3
1.1. Almenn	3
1.2. Um ákvæði 211. gr. hgl.	4
1.3. Um ákvæði 2. mgr. 218. gr. hgl.	5
2. Brot gegn 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl.	7
2.1. Refsiskilyrði verknaðar gegn ákvæði 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl.	7
2.1.1 Refsinæmi verknaðar sem leiðir til dauða	7
2.1.1.1. Almenn	7
2.1.1.2. Ákvæði 211. gr. hgl.	8
2.1.1.3. Ákvæði 2. mgr. 218. gr. hgl., þegar bani hlýst af atlögu	8
2.1.1.4. Fullframning brota gegn 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl.	9
2.1.2. Ólögætti verknaðar sem leiðir til dauða.....	10
2.1.2.1. Almenn	10
2.1.2.2. Orsakatengsl og skaðvæni verknaðar	11
3. Huglæg skilyrði verknaðar skv. 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl.	13
3.1. Blandaðar saknæmiskröfur.....	13
3.2. Mörk ásetnings og gáleysis	15
3.2.1. Neðri stig ásetnings til afleiðinga verknaðar.....	16
3.2.1.1. Dolus eventualis	16
3.2.1.2. Líkindaásetningur	17
3.2.2. Efri stig gáleysis til afleiðinga verknaðar	18
4. Skilin milli 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. þegar bani hlýst af atlögu 20	
4.1. Heimfærsla til 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. í ákæruskjali	20
4.2. Mat dómstóla á skilum ásetnings og gáleysis.....	22
4.3. Sakarmat dómstóla með tilliti til verknaðaraðferða	27
4.3.1. Eggvopn.....	27
4.3.2. Hálstak og kyrking	31
4.3.3. Hnefahögg og spörk	34
Lokaorð	37
Heimildaskrá	40
Dómaskrá	42
Lagaskrá	42

Inngangur

Þegar bani hefur hlotist af líkamsárás virðist refsigleði almennings í umræðunni mikil og skortir skilning á því hvers vegna ekki sé undantekningalaust sakfelld fyrir manndráp af ásetningi, þegar meiriháttar líkamsárásir leiða til dauða. Vera kann að ástæða þessa megi rekja til þess að manndrápsmál og sakamál sem varða meiriháttar líkamsárásir vekja mikinn óhug hjá almenningi, þar sem þessum alvarlegu afbrotum er jafnan slegið upp í fjölmiðlum af mikilli ákefð. Virðast brot þessi uppfylla þá þörf ljósvakamiðla að færa almenningi dramatík og spennu, þar sem gerendur eru fordæmdir og samúð fundin með fórnarlömbum.¹

Meginmarkmið ritgerðar þessarar er að varpa ljósi á skilin sem liggja á milli ákvæðis 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940² um manndráp af ásetningi og 2. mgr. 218. gr. sem fjallar um meiriháttar líkamsárás, þegar bani hlýst af atlögu. Umfjöllunin mun einkum og sér í lagi lúta að atriðum sem eru til þess fallin að greina þessi ákvæði í sundur, en til skýringar á þeim þáttum verða dómur Hæstaréttar hafðir til hliðsjónar.

Í ritgerðinni verður sérstaklega leitað svara við því hvert sé vægi einstakra verknaðaraðferða sem beitt var við atlögu, við sakarmat dómstóla þegar staðreynd þarf ásetning eða gáleysi til afleiðinga verknaðar.

Byrjað verður á því að kanna inntak ákvæða 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl., einkum þegar bani hlýst af atlögu. Gerð verður grein fyrir tengslum ákvæðanna við önnur ákvæði hegningarlaga, refsimörkum þeirra og réttarfarslegum atriðum tengdum þeim. Þá næst verður vikið að refsiskilyrðum ákvæðanna og ljósi varpað á eðli brotanna sem undir ákvæðin falla.

Fjallað verður um heimfærslu til ákvæða 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. í ákæruskjali. Þá verður vikið að sakarmati dómstóla og þeim saknæmisstigum sem helst reynir á þegar metið er hvort afleiðingar verknaðar verða metnar til ásetnings eða gáleysis. Sérstaklega verður fjallað um það þegar skil milli ásetningsstiga eru óljós og vafi er um heimfærslu til refsíákvæðanna tveggja.

Teknir verða saman dómur sem fallið hafa í Hæstarétti á tímabilinu 1980 til 2010 þar sem ákvæðin koma við sögu. Verða þeir sérstaklega athugaðir með

¹ Jewkes, Yvonne, *Media and crime*. London 2004, bls. 53.

² Hér eftir skammstöfuð hgl.

tilliti til þeirra verknaðaraðferða sem beitt var hverju sinni, í því skyni að leiða fram svör við rannsóknarspurningu ritgerðarinnar.

Í lokin verða helstu niðurstöður dregnar saman og ályktanir dregnar af þeim með tilliti til þeirra spurninga sem leitast var við að svara í ritgerðinni.

1. Manndráp og líkamsmeiðingar

1.1. Almennt

Líf manna, líkami og limir njóta verndar samkvæmt íslenskum lögum. Í 1. mgr. 2. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu³, sem lagagildi hefur hér á landi með lögum nr. 62/1994, er kveðið á um þann grundvallarrétt hvers manns að verða ekki sviptur lífi að geðþótta annars. Réttur einstaklinga til lífs er einnig verndaður í öðrum alþjóðlegum sáttmálum, en þar má nefna 6. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.⁴

Í XXIII. kafla hgl. er að finna refsíákvæði þau sem fjalla um manndráp og líkamsmeiðingar. Ákærvaldið hefur það hlutverk að ákæra fremjanda fyrir brot gegn ákvæðum kaflans, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála⁵ og heimfæra háttsemi hans undir viðeigandi refsíákvæði í ákæru.⁶ Hafi bani hlotist af atlögu getur ákærvaldið staðið frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort ákæra eigi fremjanda fyrir brot gegn 211. gr. hgl. sem fjallar um manndráp af ásetningi, eða hvort fella eigi verknaðinn undir 2. mgr. 218. gr. hgl. um meiriháttar líkamsárás meðal annars þegar bani hlýst af.⁷ Ákvæði þessi eru umfjöllunarefni ritgerðar þessarar.

Refsiskilyrði 211. gr. annars vegar og 2. mgr. 218. gr. hgl. hins vegar eru ekki þau sömu. Örðugleikum getur verið háð að greina á milli þess hvenær háttsemi telst manndráp af ásetningi eða meiriháttar líkamsárás sem leiðir til dauða, en munurinn endurspeglast í þeirri viljaafstöðu geranda sem afleiðingar verknaðar eru raktar til, eins og síðar verður vikið að.⁸

Ákæranda ber að leiða sönnur á því að skilyrði tengd verknaðarlýsingu refsíákvæðanna séu uppfyllt, svo háttsemin sem ákært er fyrir geti talist refsiverð. Þá er mikilvægt að réttilega sé heimfært til refsíákvæða í ákæru, þar

³ Hér eftir skammstafað MSE.

⁴ Íslenska ríkið hefur fullgilt alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi sbr. auglýsing 10/1979.

⁵ Hér eftir skammstafað sml.

⁶ Ríkissaksóknari hefur að svo stöddu það hlutverk að höfða sakamál vegna brota gegn ákvæðum 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. þegar þetta er ritað árið 2011. Samkvæmt gildandi lögum um meðferð sakamála er það hlutverk héraðssaksóknara að höfða sakamál vegna brota gegn ákvæðunum sbr. e. liður 1. mgr. 23. gr. sml. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VII. sml. koma ákvæði laganna er varða embætti héraðssaksóknara eigi til framkvæmdar fyrir en 1.1.2012. Fram til þess er hlutverk héraðssaksóknara í höndum ríkissaksóknara sbr. d. liður 3. mgr. ákvæði til bráðabirgða VII. sml.

⁷ Ragnheiður Bogadóttir, „Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þegar sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu“. *Útljótur* 2007 (4), bls. 845.

⁸ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*. Reykjavík 1999, bls. 75.

sem eigi er heimilt að dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem þar er tilgreind.⁹ Því er mikilvægt að unnt sé að átta sig á þeim mörkum sem liggja á milli þessara ákvæða þegar á þau reynir.

Þegar hér er komið við sögu er vert að víkja að inntaki ákvæða 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl., ásamt skilyrðum þeim sem ákvæðin ákvarða til refsíabyrgðar.

1.2. Um ákvæði 211. gr. hgl.

Ákvæði 211. gr. hgl. hefur að geyma manndrápsákvæði almennra hegningarlaga, sem staðið hefur óbreytt frá gildistöku laganna.

Í ákvæðinu segir: „Hver sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt.“ Af ákvæðinu má greina að refsilágmark vegna manndráps af ásetningi er fimm ára fangelsi, en refsihámark ævilangt fangelsi. Er því um að ræða það brot hegningarlaganna sem þyngst refsing liggur við. Þá má þess geta að meðalrefsingar fyrir manndráp af ásetningi liggja ofar í refsiramma en meðalrefsingar fyrir önnur brot sem refsiverð eru samkvæmt hgl.¹⁰ Slíkt endurspeglar alvarleika brotanna sem undir ákvæðið falla.

Við greiningu á refsiramma brota gegn ákvæði 211. gr. hgl. ber að líta til 34. gr. hgl., þar sem fram kemur að heimilt sé að dæma mann í fangelsi ævilangt eða um tiltekinn tíma, ekki skemur en 30 daga og ekki lengur en 16 ár. Af þessu má leiða að hámark tímabundinnar fangelsisrefsingar eru 16 ár, en fangelsisrefsing getur þó orðið 20 ár heimili lög aukna refsingu við broti með vísan til 79. gr. hgl. Slíkt kæmi þó einkum til álita þegar um er að ræða rof skilorðsbundins dóms eða refsivistar.¹¹ Þessu til stuðnings má vísa í mál **H 1994.514**, en þar var maður sakfelldur fyrir manndráp af ásetningi. Með brotinu rauf dómfelldi skilorð reynslulausnar sem hann fékk á refsivist vegna manndráps af ásetningi fáeinum árum fyrr. Með vísan til þess var honum ákveðin refsing 20 ára fangelsi.

⁹ Svala Ólafsdóttir, *Meðferð opinberra mála*. Reykjavík 1992, bls. 182.

¹⁰ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar. Rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga, 1951-2000*. Reykjavík 2003, bls. 23.

¹¹ Sama heimild, bls. 105.

Hæstiréttur Íslands hefur ekki dæmt mann til að sæta refsingu upp fyrir takmörk tímabundinnar fangelsisrefsingar skv. 34. gr. hgl. Þó má þess geta að héraðsdómur í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu, sem kveðinn var upp í **Sakadómi Reykjavíkur þann 19. desember 1977**, ákvarðaði tveimur ákærðu í málinu fangelsisrefsingu ævilangt fyrir manndráp af ásetningi. Refsingin var milduð þegar áfrýjunardómur í málinu var kveðinn upp með dómi Hæstaréttar **H 1980.89**, þar sem sakborningum í málinu voru ákveðnar tímabundnar fangelsisrefsingar. Þar hljóðaði þyngsta refsing upp á 17 ár og háttsemin jafnframt heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. hgl, þar sem ekki þótti sannaður ásetningur til afleiðinga háttsemi þeirra.

1.3. Um ákvæði 2. mgr. 218. gr. hgl.

Í ákvæði 2. mgr. 218. gr. hgl. segir: „Nú hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ.á m. tækja, sem notuð eru, svo og þegar sá, er sætir líkamsárás, hlýtur bana af atlögu, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum.“

Refsihámark fyrir brot gegn ákvæðinu er 16 ára fangelsi, en ekki er tilgreint ákveðið refsilágmark í greininni sjálfri. Með vísan til 34. gr. hgl. hins vegar, er refsilágmark tímabundinnar fangelsisrefsingar 30 dagar. Þess má einnig geta að samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b. hgl. er frjáls heimild til þess að hækka refsingu allt að um helming hafi sá sem gerist sekur um brot gegn 218. gr. hgl. áður sætt refsingu samkvæmt greininni. Slíkt gæti komið til skoðunar ef árásarmaður hefur áður sætt refsingu fyrir ofbeldisbrot á borð við rán eða nauðgun.¹²

Við gildistöku hegningarlaganna hafði ákvæði 218. gr. hgl. einungis að geyma eina málsgrein. Undir þá málsgrein féllu bæði líkamsárásir sem ekki stafaði varanlegt mein af og stórfelldar líkamsmeiðingar, einnig þegar bani hlaust af atlögu. Með lögum nr. 20/1981 var ákvæðinu breytt á þann veg að 218. gr. hgl. var skipað í tvær málsgreinar með ólík refsimörk, en þannig stendur ákvæðið í dag. Málsgreinarnar lýsa báðar vísitandi líkamsárás refsiverða, en greina á milli meiriháttar líkamsmeiðinga með refsihámark allt að 16 árum og líkamsárása sem ekki teljast jafn alvarlegar, með refsihámark

¹² Sama heimild, bls. 207.

allt að þriggja ára fangelsi.¹³

Af athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins má sjá að rökin fyrir breytingunni voru þau helst að ekki þótti tækt að ákvæðið rúmaði svo sundurleit tilvik líkamsárása, án þess að þau væru aðgreind frekar í greininni.¹⁴ Fallast má á rökin fyrir breytingunni, þá helst í ljósi þess að hún er til þess fallin að auka skýrleika refsheimilda í málum er varða líkamsárásir.

Þegar ákvæði 1. og 2. mgr. 218. gr. hgl. eru lesin saman má greina talsverðan stigsmun á milli ákvæðanna. Þar má fyrst greina að 2. mgr. talar um stórfellt líkams- eða heilsutjón, en 1. mgr. vísar til þess þegar líkamsárás veldur tjóni á líkama eða heilbrigði. Þannig falla undir 1. mgr. 218. gr. hgl. brot á borð við beinbrot sem ekki hafa varanlegt tjón á heilsu manna í för með sér. Séu áverkar meiriháttar og jafnframt ef gengið er fram með hættulegri aðferð eða tæki, þótt afleiðingar séu ekki meiriháttar, er brotið fellt undir 2. mgr. 218. gr. hgl. Þá er brot fellt undir 2. mgr. 218. gr. hgl., hafi andlát hlotist af líkamsárás.¹⁵

¹³ *Alþingistíðindi*, A-deild, 1979-1980, bls. 524.

¹⁴ Sama heimild, bls. 524.

¹⁵ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar*, bls. 205-206.

2. Brot gegn 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl.

2.1. Refsiskilyrði verknaðar gegn ákvæði 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl.

Svo maður teljist með athöfn eða athafnaleyfi sínu hafa gerst sekur um háttsemi sem ákvæði lýsir refsiverða, verður viðkomandi atferli að fullnægja öllum refsiskilyrðum viðkomandi refsilaga.¹⁶ Þessi krafa um lögbundnar refsheimildir kemur fram í 1. gr. hgl., en þó einnig í 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 1. mgr. 7. gr. MSE. Af reglum þessum má leiða að val á réttarheimildum er takmarkaðra þegar kemur að refsheimildum heldur en á öðrum sviðum lögfræðinnar.¹⁷

Að þessu sögðu verður háttsemi einungis talin brot á 211. gr. eða 2. mgr. 218. gr. hgl. uppfylli hún refsiskilyrði ákvæðanna sem eru tengd verknaðarlýsingu þeirra. Háttsemin sem um ræðir verður þannig að uppfylla það að teljast í senn refsinnæm, ólögmet og saknæm svo fremjandi teljist hafa bakað sér refsíabyrgð með verknaði sínum.¹⁸ Verður nú vikið að þeim skilyrðum með tilliti til þeirra ákvæða sem hér eru til umfjöllunar.

2.1.1 Refsinæmi verknaðar sem leiðir til dauða

2.1.1.1. Almenn

Sú háttsemi telst refsinnæm sem fellur undir verknaðarlýsingu gildandi viðhlítandi refsíákvæða. Samsvari háttsemi því sem lýst er refsivert í refsíákvæði og séu öll þau efnisatriði sem fram koma í verknaðarlýsingu ákvæðisins komin fram, telst skilyrði um refsinnæmi fullnægt.¹⁹ Af þessu má leiða að meta þurfi hvert sé inntak og áskilnaður refsíákvæðisins sem fella á verknað undir, svo unnt sé að átta sig á því hvenær háttsemi fellur undir verknaðarlýsingu ákvæðisins og sé þannig jafnframt refsinnæm.²⁰

Brot gegn ákvæðum 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. teljast til tjónsbrota. Tekur verknaðarlýsing ákvæðanna þannig í senn til frumverknaðar, verknaðaraðstæðna og afleiðinga verknaðar.²¹

¹⁶ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 37.

¹⁷ Sama heimild, bls. 14.

¹⁸ Sama heimild, bls. 38.

¹⁹ Sama heimild, bls. 38.

²⁰ Ármann Snævarr, *Þættir úr refsirétti 1*. Reykjavík 1983, bls. 33.

²¹ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 38.

2.1.1.2. Ákvæði 211. gr. hgl.

Þegar ákvæði 211. gr. hgl. er skoðað má sjá að þar er ekki áskilið að tilgreindar verknaðaraðferðir eða verknaðaraðstæður hafi verið til staðar við verknaðinn svo unnt sé að fella háttsemi undir ákvæðið. Þannig er ekki gerð sú krafa að brot gegn ákvæðinu sé framið á ákveðnum stað eða tíma, svo áskilnaður um refsineymi sé uppfylltur.²²

Þá er ekki að finna skilyrði í ákvæðinu þess efnis að verknaðurinn skuli vera rakinn til athafna geranda. Að því sögðu væri unnt að beita ákvæði 211. gr. hgl. vegna aðgerðarleysis geranda, en það gæti til dæmis átt við ef ungabarn yrði vísvitandi svelt í hel vegna athafnaleysis þess sem bar að sinna því.²³

Hvað sem því líður, þá leiðir það af eðli manndráps að í verknaðinum felst að jafnaði ofbeldi í einhverri mynd, þótt ákvæðið taki slíkt ekki fram sem skilyrði fyrir refsiaþbyrgð. Þessu til stuðnings má nefna að þegar dómafordæmi þar sem reynir á 211. gr. hgl. eru skoðuð, má sjá að algengustu verknaðaraðferðir sem beitt hefur verið í manndrápsmálum eru í formi ofbeldis svo sem kyrkingar, atlögu með eggvopni, barefli eða skotvopni.²⁴

2.1.1.3. Ákvæði 2. mgr. 218. gr. hgl., þegar bani hlýst af atlögu

Þegar ákvæði 2. mgr. 218. gr. hgl. er lesið má sjá að ekki er gerður áskilnaður um sérstakar verknaðaraðferðir svo verknaður falli undir verknaðarlýsingu ákvæðisins. Ákvæðið kveður þó á um árás eða brot sem er sérstaklega hættulegt vegna þeirra aðferða sem notuð er við árásina. Er því um að ræða beint afhafnabrot sem leggur bann við því að ákveðin athöfn sé höfð uppi.²⁵ Verður að telja að aðgerðarleysi geti ekki uppfyllt skilyrði um refsiaþbyrgð samkvæmt 2. mgr. 218. gr. hgl.

Af fyrrgreindu má ráða að einkum komi til álita að fella verknað undir ákvæði 2. mgr. 218. gr. hgl. þegar frumverknaður birtist í ytri líkamlegri

²² Sama heimild, bls. 36.

²³ Sama heimild, bls. 84.

²⁴ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar*, bls. 119.

²⁵ Ragnheiður Bogadóttir, „Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þegar sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu“, bls. 832.

hreyfingu, sem er fremjanda sjálfráð. Getur slík háttsemi falist í flestum formum ofbeldis sem leiðir til dauða brotþola.²⁶

2.1.1.4. Fullframning brota gegn 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl.

Það er skilyrði svo refsíabyrgð geti legið við háttsemi að afbrot teljist fullframið. Um fullframinn verknað er að ræða þegar allir efnispættir verknaðarlýsingar, sem viðhlítandi refsíákvæði tilgreinir, eru komnir fram.²⁷ Fullframningarstig brota er þannig breytilegt eftir refsíákvæðum, þar sem mismunandi er á hvaða stigi atburðarásarinnar löggjafinn hefur talið rétt að leggja refsíabyrgð við háttsemi sem fullfrömdu afbroti.²⁸

Brot gegn ákvæðum 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. teljast fullframin þegar verknaður hefur haft ákveðna afleiðingu í för með sér.²⁹ Ef vikið er að athugasemdum með frumvarpi til hegningarlaga, má sjá að brot gegn 211. gr. hgl. telst fullframið þegar það hefur haft dauða í för með sér, nánar tiltekið þegar bani hefur hlotist af háttsemi geranda.³⁰

Í ákvæði 2. gr. laga nr. 15/1991 um ákvörðun dauða, kemur fram að maður telst vera látinn þegar öll heilastarfsemi hans er hætt og engin ráð eru til að heili hans starfi á ný. Greinina má hafa til hliðsjónar þegar fullframningarstig 211. gr. hgl. er metið, en brotið telst samkvæmt því ekki fullframið fyrr en heilastarfsemi þess sem atlögu hefur sætt hefur stöðvast fyrir fullt og allt. Verður þannig að hafa hlotist líftjón af háttsemi fremjanda svo verknaður gegn 211. gr. hgl. teljist fullframið brot.³¹

Innan 2. mgr. 218. gr. hgl. rúmast bæði þau tilvik þegar um er að ræða meiriháttar líkamsárás sem brotþoli lifir af, ásamt þeim tilvikum þegar líftjón hlýst af atlögu. Brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl. getur því einnig talist fullframið þegar stórfellt heilsutjón hefur hlotist af árás, án þess þó að árásin leiði til dauða.

Verknaður telst fullframið brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl. þegar líkamsárás er lokið, en líkamstjón þarf ekki að koma í ljós samstundis eftir að atlögunni

²⁶ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 82-83.

²⁷ Sama heimild, bls. 73.

²⁸ Sama heimild, bls. 73.

²⁹ Sama heimild, bls. 74.

³⁰ *Alþingistíðindi*, A-deild, 1939, bls. 390.

³¹ Árnína Steinunn Karlsdóttir og Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, „Manndráp af ásetningi. Dómar Hæstaréttar 1900-2000“. *Úlfjótur* 2002 (2), bls. 173.

lýkur.³² Þannig er ekki skilyrði að brotþoli láti lífið strax við árás og geta því afleiðingar atlögunnar komið fram síðar.³³ Því til stuðnings má vísa í **H 235/2003** þar sem maður var sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl. fyrir stórfellda líkamsárás sem bani hlaust af, en árásarþolinn lést átta sólahringum eftir atlöguna af völdum áverkanna.

2.1.2. Ólögmati verknaðar sem leiðir til dauða

2.1.2.1. Almenn

Hver sú háttsemi sem brýtur í bága við skráðar eða óskráðar réttarreglur er ólögmat. Sú háttsemi sem telst refsínæm samkvæmt 211. og 2. mgr. 218. gr. hgl., telst því að jafnaði ólögmatur verknaður.³⁴ Ólögmati brota gegn greinunum felst þannig í því að flýta dánarstundu brotþola og beita því ofbeldi sem leiddi til slíkra afleiðinga.³⁵

Skilyrði um ólögmati verður best skýrt neikvætt. Í því felst að þrátt fyrir að verknaður kunni að vera refsínæmur getur hann talist refsilaus ef til staðar eru sérstakar ástæður sem réttlæta háttsemina og gera hana þannig lögmæta.³⁶ Eigi slíkar ástæður við um verknað leiðir það til sýknu, enda hefur refsíabyrgð ekki stofnast og verknaðurinn er refsilaus frá upphafi.³⁷ Dæmi um lögfestar refsileysisástæður eru ákvæði 12. gr. hgl. um neyðarvörn og 13. gr. hgl. um neyðarrétt.³⁸

Það er sjaldséð að skýrlega séu orðuð skilyrði um ólögmati í einstökum refsíákvæðum hegningarlaga. Verður að telja þegar um mikilsháttar verndarhagsmuni er að ræða og jafnframt þegar verknaðaraðferðir eru alvarlegs eðlis, að óþarft sé og jafnvel óviðeigandi að taka fram með beinum hætti áskilnað um ólögmati verknaðar.³⁹ Í ákvæðum 211. gr. hgl. og 2. mgr.

³² Ármann Snævarr, *Þættir úr refsirétti 1*, bls. 26.

³³ Ragnheiður Bogadóttir, „Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þegar sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu“, bls. 835.

³⁴ Jónatan Þórmundsson, „Ólögmati verknaðar og refsileysisástæður“. *Tímarit lögfræðinga 2005 (3)*, bls. 358.

³⁵ Jónatan Þórmundsson, „Líknardráp“. *Úlfjótur 1976 (3)*, bls. 155.

³⁶ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 39.

³⁷ Jónatan Þórmundsson, „Ólögmati verknaðar og refsileysisástæður“, bls. 362.

³⁸ Aðrar refsileysisástæður eru ólögfestar að grunni til, en það á við um ástæður á borð við óbeðinn erindisrekstur og reglur um samþykki brotþola, opinbera réttarvörslu, tiltekna hagsmunavörslu og hagsmunamat, sjá Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 39.

³⁹ Jónatan Þórmundsson, „Ólögmati verknaðar og refsileysisástæður“, bls. 368.

218. gr. hgl. er ekki kveðið á um áskilnað um ólögmæti. Af fyrrgreindum ástæðum má ætla að ónauðsynlegt sé að taka slíkt fram, þar sem í þeim tilvikum er um mikla réttarskerðingu að ræða sem er alvarlegs eðlis.⁴⁰

2.1.2.2. Orsakatengsl og skaðvæni verknaðar

Í fyrrgreindu skilyrði um ólögmæti verknaðar felst sá þáttur að orsakatengsl þurfa að standa á milli verknaðar og afleiðinga hans. Sé afleiðingin talin ófyrirsjáanleg og ósennileg gæti slíkt leitt til sýknu af ákæru fyrir viðkomandi brot.⁴¹

Þegar litið er til ákvæða 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. í þessu samhengi, verða orsakatengsl að standa á milli atlögu þeirrar sem var beitt og dauða brotþola. Dómara ber þannig að meta hvort eðlilegt sé og sanngjarnt að gera mann ábyrgan bæði fyrir frumverknaði og afleiðingum hans.⁴²

Þegar dómari metur orsakatengsl milli verknaðar og afleiðinga reynir á tengsl, tímaröð og atvik atburðarásar. Þá getur einkum skipt máli hverjir hættueiginleikar háttseminnar eru og hversu miklar líkur fremjandi hafi mátt telja á því að verknaðurinn myndi leiða til afleiðinga hans. Þannig verða að vera sanngjörn og fyrirsjáanleg tengsl á milli verknaðar og afleiðinganna sem af honum leiddi,⁴³ líkt og á reyndi í máli **H 1946.511**:

H 1946.511. Stimpingar áttu sér stað milli ákærða og brotþola, sem enduðu með því að ákærði sló brotþola tvö högg í andlitið, nánar tiltekið á munn og kinnbein. Brotþoli lést nánast samstundis við högg á munninn. Í krufningarskýrslu sem lögð var fram fyrir dómi kom fram að allar líkur væru á því að æðar hins látna hafi verið sérstaklega veikar fyrir atlöguna, vegna magasárs sem hafði hrjád hinn látna fyrir atlöguna. Það var talið fjarstætt að ákærði hafi ætlað að verða hinum látna að bana með höggunum, enda högginn ekki þyngri en oft eru greidd milli manna í slagsmálum. Var verknaðurinn því talinn gáleysisverknaður og felldur undir 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi.

Þess ber að geta að dómurinn féll fyrir gildistöku laga nr. 20/1981, en með þeim lögum var ákvæði 218. gr. hgl. breytt í núverandi mynd eins og áður kom fram. Fyrir breytinguna voru meiriháttar líkamsárásir sem bani hlaust af felldar

⁴⁰ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 39.

⁴¹ Sama heimild, bls. 39.

⁴² Ármann Snævarr, „Orsakatengsl og skaðvæni atferlis“. *Úlfjótur* 1976 (4), bls. 232-233.

⁴³ Sama heimild, bls. 234.

undir ákvæði 218. og 215. gr. hgl.⁴⁴ Hefði dómurinn fallið í tíð nógildandi laga yrði verknaðurinn að öllum líkindum felldur undir 2. mgr. 218. gr. hgl.

Til orsakatengsla má einnig sjá vísað í máli **H 602/2006** sem síðar verður vikið að, en þar hafði gerandi slegið brotþola eitt hnefahögg í háls með þeim afleiðingum að hann lést. Í dómnum er vísað til þess við ákvörðun refsingar, að ekki væri talið að ákærða hafi verið ljóst að afleiðingarnar af högginu gætu orðið svo alvarlegar eins og raun bar vitni.

⁴⁴ Ármann Snævarr, „Breytingar á almennum hegningarlögum í ljósi breyttra viðhorfa í refsirétti“. *Tímarit lögfræðinga* 1983 (3), bls. 166.

3. Huglæg skilyrði verknaðar skv. 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl.

Fyrri umfjöllun um refsineami og ólögmati verknaðar lúta að hlutlægum skilyrðum refsilaga. Svo háttsemi teljist refsiverð verða þó einnig huglæg refsiskilyrði að vera uppfyllt, en þau lúta annars vegar að sakhæfi geranda⁴⁵ og hins vegar að verkið sé talið honum sagnæmt þegar viljaafstaða hans til verknaðar er metin.⁴⁶

Áskilnaður um sagnæmi verknaðar lítur að huglægri afstöðu geranda á verknaðarstundu. Með vísan til 18. gr. hgl. verður eigi refsað fyrir brot gegn lögnum nema það hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er ásetningur í öllum tilvikum áskilinn svo unnt sé að refsa fyrir brot gegn lögnum, nema sérstök ákvæði heimili sérstaklega að lögð sé refsíabyrgð við háttsemi sem framin er af gáleysi.⁴⁷ Leiða má af ákvæði 19. gr. hgl. að þegar refsíákvæði lýsir tjónsbroti, þá sé skilyrði refsíabyrgðar ekki fullnægt nema afleiðingar verknaðarins verði að minnsta kosti raktar til gáleysis geranda.⁴⁸

3.1. Blandaðar sagnæmiskröfur

Um andlag ásetnings gildir sú meginregla að ásetningur verður að taka til allra efnisþátta verknaðar, eins og honum er lýst fullfrömdum í verknaðarlýsingu viðkomandi refsíákvæðis.⁴⁹ Ákvæði 211. gr. hgl. hefur að geyma ásetning sem refsiforsendu. Af fyrrgreindri meginreglu verður ráðið að ásetningur þurfi að standa bæði til þess að beita því ofbeldi sem átti sér stað, ásamt því að valda dauða, svo háttsemi verði færð undir 211. gr. hgl.

Hér skal haft í huga að þær aðstæður geti verið til staðar að efri stig ásetnings standi til verknaðarins sem beitt var, en einungis neðri stig ásetnings standi til þeirra afleiðinga sem af verknaðinum leiddi. Má þannig hugsa sér að hjá fremjanda standi beinn ásetningur til þess að beita ofbeldi sem leiðir til dauða, en vilji hans hafi ekki verið jafn harðnaður til þess að valda bana og séu afleiðingarnar þannig raktar til lægri stigs ásetnings. Undir

⁴⁵ Skilyrði tengd sakhæfi fremjanda eru tvennskonar að grunni til. Um er að ræða aldurstengt sakhæfi sbr. 14. gr. hgl. og geðrænt sakhæfi sbr. 15. gr. hgl.

⁴⁶ Ármann Snævarr, *Þættir úr refsirétti 2*. Reykjavík 1983, bls. 38.

⁴⁷ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II*. Reykjavík 2002, bls. 58.

⁴⁸ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 40-41

⁴⁹ Sama heimild, bls. 41.

Þessum kringumstæðum hefur verið talið að slíkt nægi til refsíabyrgðar meðal annars gagnvart 211. gr. hgl., þótt sama ásetningsstig hafi ekki staðið fyrir verknaði og afleiðingu hans.⁵⁰

Ákvæði 2. mgr. 218. gr. hgl. hefur á hinn bóginn að geyma svokallaðar blandaðar saknæmiskröfur (dolus mixtus cum culpa), sem telst frávik frá fyrrgreindri meginreglu um andlag ásetnings. Tilvist undantekningarreglunnar leiðir til þess að þegar bani hefur hlotist af ásetningsbroti, nægir til refsíabyrgðar að gáleysi nái til afleiðinga atlögunnar. Þá getur háttsemi einnig verið felld undir ákvæðið ef ekki tekst að sanna ásetning geranda til þeirra afleiðinga.⁵¹

Skilin milli ákvæða 211. gr. hgl. og 2. mgr. 218. gr. hgl. liggja í fyrrgreindum sundurleitu kröfum sem gerðar eru til afleiðinga verknaðar, í þeim tilvikum þegar bani hefur hlotist af atlögu. Þess ber að geta að eingöngu kemur til greina að fella háttsemi undir ákvæðin þegar ásetningur stendur til frumverknaðar. Sé frumverknaður rakinn til gáleysis geranda verður verknaðurinn felldur undir 215. gr. hgl. sem fjallar um manndráp af gáleysi.⁵²

Fyrrgreind regla um blandaðar saknæmiskröfur á við um báðar málsgreinar 218. gr. hgl. og á því bæði við þegar líkamstjón og lífstjón hlýst af verknaði. Stafar reglan að öllum líkindum af þeim sönnunarörðugleikum, sem ákærvaldið kynni annars að standa frammi fyrir, þegar staðreyna þyrfti ásetningsstig í málum er varða líkamstjón. Reglan leiðir til þess að í þeim tilvikum þegar líkamstjón hlýst af háttsemi, þá skeytir engu varðandi refsíabyrgð hvort ásetningur eða gáleysi nái til afleiðinganna. Færa má fyrir því rök að ef ekki væri fyrir þessa tilteknu reglu, að í mörgum tilvikum væri ógerlegt fyrir ákæranda að staðreyna ákveðið ásetningsstig til afleiðinga í málum er varða líkamstjón, þegar ekki hlýst bani af atlögu.⁵³

⁵⁰ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 69.

⁵¹ Sama heimild, bls. 95.

⁵² Sama heimild, bls. 95.

⁵³ Sama heimild, bls. 95.

3.2. Mörk ásetnings og gáleysis

Áðurnefnd hugtök, ásetningur og gáleysi, lýsa þeim saknæmisskilyrðum sem gildandi eru í íslenskum refsirétti. Að baki þeim liggur ákveðin huglæg afstaða geranda sem stendur til verknaðarins sem um ræðir, en sú afstaða verður að teljast ámælisverð svo áskilnaði um saknæmi sé fullnægt.⁵⁴

Um mismunandi stig ásetnings og gáleysis er ekki fjallað í gildandi lögum. Í athugasemdum með II. kafla almennra hegningarlaga má sjá eftirfarandi umfjöllun: „Ekki þykir fært að ákveða með lögum skýrgreiningu á ásetnings- og gáleysishugtökum, né að ákveða mörkin þar á milli. Á úrlausn um þau atriði fremur heima í hinni almennu refsiréttarfræði en í beinni lagasetningu.“⁵⁵

Að þessu sögðu má nálgast fræðilega skilgreiningu sem talin er hafa mótast á hugtakinu ásetningur í skrifum Jónatans Þórmundssonar:

Það er ásetningur, ef hinn brotlegi *vill koma því til vegar*, sem refsíákvæði lýsir afbrot (tilgangur), ef hann *álítur það óhjákvæmilega afleiðingu* verknaðar síns (óhjákvæmileg afleiðing), eða hann *álítur yfirgnæfandi líkur* á því, að afleiðingin *komi fram* (líkindaásetningur), og loks ef hann *álítur*, að afleiðingin *kunni að koma fram*, en hann hefði engu að síður framið verknaðinn, þótt hann hefði talið víst, að afleiðingin kæmi fram (dolus eventualis: skilyrt afbrigði), eða þá hinn brotlegi lætur sér í léttu rúmi liggja, hvort afleiðingin kemur fram (dolus eventualis: jákvæð afstaða til afbrots).⁵⁶

Samkvæmt skilgreiningu þessari eru til staðar fjögur ásetningsstig, en hér að framan koma þau fram í röð frá efstu stigum til þeirra neðri. Hér er nánar tiltekið um að ræða ásetningsstigin tilgang, óhjákvæmilega afleiðingu, líkindaásetning og tvö aðskilin afbrigði af dolus eventualis; skilyrtan ásetning og jákvæða afstöðu til brots. Þess má geta að í danskri réttarframkvæmd er byggt á áþekkri skilgreiningu.⁵⁷ Sameiginlegt er með framangreindum stigum að verknaður sem framinn er af ásetningi er framinn með vitneskju um aðstæður, en með þeirri vitneskju hefur fremjandi vilja til að stuðla að því að ákveðin refsiverð háttsemi sé höfð uppi.⁵⁸

Ekki er tilefni til að fjalla hér nánar um öll þau ásetningsstig sem finna má í íslenskum refsirétti. Vandí við að marka skil á milli þess hvenær verknaður telst brot gegn 211. gr. eða 2. mgr. 218. gr. hgl. kemur hvað helst fram í

⁵⁴ Jónatan Þórmundsson, „Grundvallarreglan um saknæmi“. Í Davíð Þór Björgvinsson (ritstj.), *Afmælisrit. Þór Vilhjálmsson sjötugur, 9. júní 2000*. Reykjavík 2000, bls. 311.

⁵⁵ *Alþingistíðindi*, A-deild, 1939, bls. 357.

⁵⁶ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 60.

⁵⁷ Greve, Vagn; Jensen, Asbjørn og Nielsen, Gorm, *Kommenteret straffelov. Almindelig del*. Kaupmannahöfn 2005, bls. 182-183.

⁵⁸ Hansen, Michael, „Om forsætsbegrebets nedre område“. *U 2002 (B)*, bls. 393.

dagsljósið þegar greina þarf á milli þess hvenær afleiðinguna megi annars vegar rekja til neðsta stigs ásetnings eða hins vegar efsta stigs gáleysis, en einungis stigsmunur er á milli þessara tveggja saknæmisstiga.⁵⁹ Af þeim sökum verður ekki komist hjá því að gera nánari grein fyrir þeim saknæmisstigum, vegna tengsla þeirra við þau dómsmál sem hér verða sérstaklega til umfjöllunar.

3.2.1. Neðri stig ásetnings til afleiðinga verknaðar

3.2.1.1. Dolus eventualis

Hugtakið *dolus eventualis* vísar til lægsta stigs ásetnings, en það saknæmisstig sem stendur því neðar er hæsta stig gáleysis, nánar tiltekið meðvitað gáleysi.⁶⁰ Einkenni *dolus eventualis* felst í því að byggt er á raunverulegri vitund geranda á verknaðarstund, þess efnis að gerandi hafi áttað sig á því að möguleiki stæði til þess að refsínæm afleiðing kunni að leiða af verknaði hans. Gerandinn þarf að hafa vitneskju um aðstæðurnar og með þeirri vitneskju hefur hann vilja til að stuðla að afleiðingum verknaðarins.⁶¹

Örðugleiki við að greina á milli *dolus eventualis* og hæsta stigs gáleysis kemur hvað helst upp þegar líkindastig *dolus eventualis* verður það lágt að það líkist meðvituðu gáleysi.⁶² Hefur *dolus eventualis* þannig verið lagt að jöfnu við meðvitað gáleysi, en til þess að greina á milli þessara tveggja saknæmisskilyrða hefur verið stuðst við viðbótarskilyrði um skilyrtan ásetning og jákvæða afstöðu til brots.⁶³

Með viðbótarskilyrði um skilyrtan ásetning er það metið hvort gerandi hefði engu að síður framið verknaðinn sem um ræðir, þrátt fyrir að hann hefði talið víst á verknaðarstundu að afleiðing hans kæmi fram.⁶⁴ Með þessari skilgreiningu er í raun byggt á því að dómari þurfi að ímynda sér hvernig fremjandi hefði hagað sér, ef hann hefði á verknaðarstundu vitað hver yrði

⁵⁹ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 86.

⁶⁰ Sama heimild, bls. 78.

⁶¹ Hansen, Michael, „Om forsætsbegrebets nedre område“, bls. 393 og Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 79.

⁶² Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 77.

⁶³ Sama heimild, bls. 79.

⁶⁴ Sama heimild, bls. 80.

afleiðing af háttsemi sinni.⁶⁵ Er með skilyrðinu vikið frá eiginlegri raunveruleikakröfu og matið eingöngu byggt á huglægri afstöðu fremjanda.⁶⁶

Viðbótarskilyrði um jákvæða afstöðu til brots lítur að mati á því hvort fremjandi hafi á verknaðarstundu áttað sig á og samþykkt þau neikvæðu áhrif, sem leitt gætu af háttsemi hans.⁶⁷ Þarf þannig að meta hvort gerandi hefði látið afleiðingar háttseminnar sér í léttu rúmi liggja hefði hann á verknaðarstundu haft grun um að refsínæmar afleiðingar kynnu að leiða af verknaði.⁶⁸

Á skilyrtan ásetning sem afbrigði dolus eventualis hefur reynt í **H 1973.912**. Í málinu var maður sakfelldur fyrir tilraun til manndráps með vísan til 211. gr. sbr. 20. gr. hgl. á eftirfarandi forsendum:

Ákærði **skirrðist ekki við að skjóta** gegnum hurð að íbúð EÓ, **þótt langlíklegast væri, að fólk væri innan við hurðina og að það yrði fyrir skothríðinni**, miðað við skotstyrkleika byssunnar og gerð hurðarinnar. Þegar virt er allt atferli ákærða, áður en hann hóf skothríðina, svo og háttsemi hans þar næst á eftir, verður að telja, að **það hefði eigi aftrað honum í að skjóta, þótt honum hefði verið ljóst, að skothríðin drægi til líftjóns**. (áherslubreytingar höfundar)

Orðalag síðari málsliðar tilvísunarinnar ber það með sér að byggt hafi verið á dolus eventualis og stuðist við viðbótarskilyrðið um skilyrtan ásetning, sem úrslitaáhrif hafði á það að verknaður var felldur undir ákvæði 211. gr., sbr. 20. gr. hgl.

3.2.1.2. Líkindaásetningur

Þegar hér er komið við sögu er vert að víkja nokkrum orðum að líkindaásetningi sem stigi ásetnings, en það saknæmisstig stendur stigi ofar dolus eventualis.

Líkindaásetningur er til staðar þegar gerandi er talinn hafi á verknaðarstundu álitnið yfirgnæfandi líkur á því að verknaður hans myndi hafa refsiverða afleiðingu í för með sér. Í dómum sem fallið hafa um þetta líkindastig má sjá að ásetningsstiginu er lýst á þann veg að geranda hafi ekki

⁶⁵ Langsted, Lars, „Dolus eventualis en del af gældende dansk ret“. *U 1988 (B)*, bls. 132.

⁶⁶ Hansen, Michael, „Hypotetisk forsæt ved flerhed af forpligtelser“. *U 2006 (B)*, bls. 385 og Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 80.

⁶⁷ Langsted, Lars, „Dolus eventualis en del af gældende dansk ret“, bls. 133.

⁶⁸ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 82.

geta dulist eða honum hafi mátt vera það ljóst, að langlíklegast væri að afleiðing háttseminnar kæmi fram.⁶⁹

Þegar litið er almennt til dóma þar sem sakfelld er fyrir manndráp af ásetningi skv. 211. gr. hgl., virðist sakfellingin í auknum mæli byggð á líkindaásetningi í þeim tilvikum þegar vafi er á því hvort ásetningur eða gáleysi standi til þess að deyða annan mann.⁷⁰ Um þá staðreynd verður frekar fjallað síðar í kafla fjögur.

3.2.2. Efri stig gáleysis til afleiðinga verknaðar

Í fræðunum hefur gáleysi verið skipt í tvö stig, nánar tiltekið meðvitað gáleysi sem efra stig og ómeðvitað gáleysi sem lýsir lægra stigi þess.⁷¹ Meðvitað gáleysi er talið vera til staðar ef gerandi hefur hugboð um það að refsinnæm háttsemi kunni að leiða af verknaði, en vinnur verknaðinn í trausti þess að afleiðing verknaðarins komi ekki fram eða að hugboð hans um hugsanlega refsinnæma afleiðingu reynist ekki rétt.⁷²

Við athugun á því hvort ómeðvitað gáleysi taki til afleiðinga verknaðar er það metið hvort fremjandi hafi á verknaðastundu getað áttað sig á þeirri hættu sem stafa kynni af verknaðinum og átt að breyta í samræmi við þær hugrenningar. Við slíkt mat er á því byggt hvaða aðgerða megi krefjast af gegnum og skynsömum manni við álíka aðstæður.⁷³

Með fyrrgreindar skilgreiningar í huga er það athyglivert að sjaldséð er að vikið sé sérstaklega að skilyrðum gáleysis í dómum Hæstaréttar þar sem reynir á mörk ákvæðis 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. Má í því sambandi benda á **H 1988.222**:

H 1988.222. Á var ákærður fyrir að hafa banað hreyfihamlaðri konu með því að hafa fellt hana í gólf, barið höfði hennar nokkrum sinnum í gólfið og veitt henni höfuðhögg sem leiddu hana til dauða hálfum sólarhring síðar. Í ákæruskjali var háttsemin aðallega heimfærð undir 211. gr. hgl, en til vara 2. mgr. 218. gr. hgl. Í forsendum héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti kom fram: „Ekki þykir sannað að það hafi verið ásetningur ákærða að svipta stúlkuna lífi eða að honum hafi mátt vera það ljóst að yfirgnæfandi líkur væru á því að bani hlytist af verknaði hans. Verður hann því sýknaður af broti gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. **Afleiðingar hinnar stórhættulegu árásar hans á varnarlausu**

⁶⁹ Sama heimild, bls. 76.

⁷⁰ Ragnheiður Bogadóttir, „Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þegar sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atögu“, bls. 837.

⁷¹ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 123.

⁷² Sama heimild, bls. 123.

⁷³ Sama heimild, bls. 127.

fatlaða stúlkuna í því skyni að þvinga hana til samræðis verða hins vegar metnar honum til gáleysis.“ (Áherslubreytingar höfundar)

Hér má velta því upp hvort ástæða hafi verið til að fjalla frekar um gáleysisstigið í forsendum dómsins. Slík umfjöllun er til þess fallin að veita vísbendingu varðandi það hvort afleiðingarnar kunni að hafa verið raktar til minniháttar eða meiriháttar gáleysis. Þannig mætti greina hvenær mörkin á milli 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. eru óskýr og hvort afleiðingar verknaðar hafi verið á jaðri þess að vera raktar til ásetnings eða gáleysis.

4. Skilin milli 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. þegar bani hlýst af atlögu

Með vísan til 3. mgr. 54. gr. sml. er það er hlutverk lögreglu að rannsaka hugarfar sakbornings og afstöðu hans á verknaðarstundu. Ber lögreglu því að rannsaka það hvort ásetningur eða eftir atvikum gáleysi nái til verknaðar og afleiðinga hans. Þessi rannsókn lögreglu, er veigamikill þáttur í því að ákveða undir hvort ákvæða 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. háttsemi verður færð.⁷⁴ Undir rekstri málsins kemur á hinn bóginn í hlut dómara að meta hvort ákæranda hafi tekist að sýna fram á að skilyrði ásetnings eða gáleysis séu til staðar, en slíkt ræðst af heilstæðri athugun hans á atvikum málsins.⁷⁵

Mikilvægt er að réttilega sé skilið á milli ákvæða 211. gr. hgl. og 2. mgr. 218. gr. hgl., þó einkum þegar höfð er í huga sú staðreynd að ákvæðin hafa að geyma mismunandi lágmarksrefsingar. Hefur ákvæði 211. gr. hgl. þannig að geyma refsilágmarkið 5 ár í fangelsi, en 2. mgr. 218. gr. hgl. 30 daga fangelsi sbr. 34. gr. hgl. eins og áður hefur komið fram. Af þessu má ráða að heimfærsla til ákvæðanna tveggja getur haft talsverð áhrif á refsingu þess sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi samkvæmt ákvæðunum.⁷⁶

Verður nú vikið að þeim atriðum sem hafa ber í huga þegar skilið er á milli ákvæðanna, með tilliti til huglægra skilyrða, heimfærslu til ákvæðanna í ákæruskjali, þeirra sönnunarkrafna sem gerðar eru til ákæranda og sakarmats dómstóla í málum er varða manndráp og meiriháttar líkamsmeiðingar sem leiða til dauða.

4.1. Heimfærsla til 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. í ákæruskjali

Samkvæmt 1. mgr. 180. gr. sml. má hvorki dæma ákærða fyrir aðra hegðun né aðrar kröfur á hendur honum, en greint er frá í ákæruskjali útgefnu vegna háttseminnar. Veiðgamið atriði er að réttilega sé heimfært til refsíákvæða í ákæru, í ljósi þess að ákæruskjal felur í sér þann ramma sem vörn í sakamáli

⁷⁴ Svala Ólafsdóttir, *Meðferð opinberra mála*, bls. 41.

⁷⁵ Róbert R. Spanó, „Refsiréttur“. Í Róbert R. Spanó (ritstj.), *Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði*. Reykjavík 2006, bls. 365.

⁷⁶ Ragnheiður Bogadóttir, „Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þegar sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu“, bls. 845.

er miðuð við og dómara eru bundnir við þegar þeir kveða upp niðurstöðu sína í málinu.⁷⁷

Í 4. málslið ákvæðisins kemur fram að dæma megi fyrir önnur refsíákvæði heldur en fram koma í ákæru, en þó sé eigi heimilt að dæma aðrar kröfur en þar koma fram. Að þessu sögðu er dómara heimilt að sakfella fyrir brot gegn öðrum refsíákvæðum, þótt eigi hafi verið greint frá þeim í ákæruskjali, tilgreini það ákvæði sömu eða vægari refsingu en það ákvæði sem ákært var fyrir.⁷⁸ Af þessu má ráða að hafi háttsemi verið heimfærð undir 211. gr. hgl. í ákæruskjali, sé dómara heimilt að sakfella fyrir 2. mgr. 218. gr. hgl. telji hann að ekki hafi tekist að sannreyna ásetning fremjanda til afleiðinga verknaðar undir rekstri sakamálsins. Þessu til stuðnings má vísa til umfjöllunar í **H 1987.1063**, en í málinu var háttsemi ákærða eingöngu heimfærð undir 211. gr. hgl. í ákæruskjali. Hæstiréttur tók þá afstöðu að varlegast þætti að heimfæra verknaðinn undir 2. mgr. 218. gr. hgl. og var honum því gerð refsing samkvæmt því ákvæði á eftirfarandi forsendum:

Atlaga ákærða var að vísu háskaleg, en varhugavert þykir þó að álykta að ákærði hafi hlotið að sjá það fyrir sem langlíklegustu afleiðingu að bani hlytist af henni. Hins vegar mátti hann gera sér grein fyrir að atlagan gæti leitt til dauða. Þykir varlegast að meta afleiðingar árársinnar ákærða til sakar sem gáleysisverk. **Þess er að getið að málið hefur verið flutt fyrir Hæstarétti með tilliti til þess að 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 kynni að eiga við um atferli ákærða í stað 211. greinar, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.** (Áherslubreytingar höfundar)

Sé ákæruvaldið í vafa um það undir hvort ákvæðanna eigi að heimfæra háttsemi, stendur sá möguleiki til boða að ákæra aðallega fyrir brot gegn 211. gr., en til vara fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl.⁷⁹ Þó ber að athuga að hafi háttsemi eingöngu verið færð undir 2. mgr. 218. gr. hgl. í ákæru, er dómari bundinn við slíka heimfærslu og getur því ekki tekið ákvörðun um að heimfæra háttsemina undir 211. gr. hgl. með dómi, enda dómara ekki heimilt að dæma fyrir þyngra brot en tilgreint er í ákæruskjali.⁸⁰

Það kann því að þykja athyglivert sé litið til dóma þar sem ákæruvaldið hefur tekið þá ákvörðun að ákæra eingöngu fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl., þegar bani hefur hlotist af meiriháttar líkamsárás. Sú var m.a. raunin í

⁷⁷ Stefán Már Stefánsson, *Um sönnun í sakamálum*. Reykjavík 2007, bls. 33.

⁷⁸ Sama heimild, bls. 33.

⁷⁹ Svala Ólafsdóttir, *Meðferð opinberra mála*, bls. 183.

⁸⁰ Ragnheiður Bogadóttir, „Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þegar sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu“, bls. 845.

máli **H 235/2003** sem síðar verður vikið að. Þessa aðferð ákæranda við heimfærslu mætti gagnrýna, en vakin hefur verið athygli á því hvers vegna ekki sé undantekningalaust ákært fyrir brot gegn ákvæði 211. gr. hgl., þegar bani hlýst af meiriháttar líkamsárás. Með því yrði dómara látið eftir mat á því undir hvort ákvæðanna háttsemin verður felld og væri þannig ekki bundinn við heimfærslu til 2. mgr. 218. gr. hgl.⁸¹

Hvað sem því líður, verður að telja í ljósi þeirrar hlutlægnisskyldu sem hvílir á ákæranda, varðandi það að gæta jafnt að atriðum sem horfa til sektar og sýknu sakbornings skv. 3. mgr. 18. gr. sml., að varhugavert sé að ákærandi taki ákvörðun um að saksækja mann fyrir brot gegn ákvæðum sem hann telur að ekki sé sannanlega grundvöllur til þess byggja saksókn sína á. Ber einnig að líta til þeirrar reglu sem ríkjandi er við meðferð sakamála að allan vafa um sekt beri að skýra sökuðum manni í hag sbr. 108. gr. sml. auk 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. MSE.⁸²

Því næst má líta til þess að samkvæmt 145. gr. sml. ber ákæranda að fella niður mál telji hann að ekki hafi tekist að afla nægilegrar sönnunar fyrir sekt sakbornings, sem líkleg yrði til sakfellis. Með fyrrgreind sjónarmið í huga verður því að telja að ef ákæranda takist einungis að afla sönnunar fyrir því að gáleysi hafi náð til afleiðinga verknaðar, sé honum einungis stætt að heimfæra háttsemin undir 2. mgr. 218. gr. hgl. í ákæruskjali. Sé vafi til staðar getur þó verið ástæða til þess að kjósa að ákæra aðallega fyrir manndráp af ásetningi, en fyrir meiriháttar líkamsárás til vara, enda telji ákærandi að sönnunargögn liggi í báðar áttir.

4.2. Mat dómstóla á skilum ásetnings og gáleysis

Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. sml. ber dómara að meta þau sönnunargögn sem fram hafa komið undir rekstri sakamáls um sekt ákærða, og skoða hvort þau atriði sé nægileg til sakfellis og verði eigi vefengd með skynsamlegum rökum. Þannig er það hlutverk dómara að meta hvort sannað sé að ásetningur taki til afleiðinga verknaðar og hvort fallast megi á heimfærslu til 211. gr. hgl. Telji dómari að slík sönnun hafi ekki tekist, verður verknaður felldur undir 2. mgr.

⁸¹ Sama heimild, bls. 845.

⁸² Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars*. Reykjavík 2009, bls. 29.

218. gr. hgl.⁸³ Við mat á því hvort afleiðingar verknaðar verði raktar til ásetnings eða gáleysis styðst dómurinn við þær skilgreiningar á saknæmisstigum sem vísað hefur verið til hér að framan.

Könnun á huglægri afstöðu geranda lítur að atriðum sem ekki er hlutrænt séð unnt að færa reiður á. Því er ljóst að oft getur verið talsverðum örðugleikum háð að greina hvað vakti fyrir fremjanda á verknaðarstundu, í þeim tilgangi að leiða fram hvort afleiðingar verknaðar verði raktar til ásetnings eða gáleysis. Á það einkum við þegar ekki liggja fyrir játningar um ásetning eða vitni að verknaðinum sem leitt geta í ljós afstöðu geranda til verknaðar.⁸⁴

Við mat á huglægri afstöðu geranda er dómari ekki bundinn við fyrirfram ákveðnar sönnunaraðferðir.⁸⁵ Við matið ber dómara að setja sig í spor geranda og með hliðsjón af mannlegri reynslu sinni og þekkingu taka til skoðunar hvort gerandi hafi á verknaðarstundu átt að gera sér grein fyrir því að líkur stæðu til þess að bani hlytist af atlögu. Tekur dómari þannig til skoðunar aðstæður allar á verknaðarstundu og metur út frá því hvort ásetningur eða gáleysi hafi staðið til afleiðinga verknaðarins.⁸⁶

Með það í huga að sönnunarbyrði um sekt ákærða hvílir á ákæranda sbr. 108. gr. sml., getur ákærvald staðið frammi fyrir erfiðri sönnunarstöðu þegar greina þarf á milli ásetnings og gáleysis til afleiðinga verknaðar. Vandí þessi kemur hvað helst í ljós, þegar ekki liggja fyrir játningar geranda og ekki eru vitni til staðar sem greint geta frá atvikum málsins:

H 1997.1024. M var ákærður fyrir stórfellda líkamsárás svo að mannsbani hlaut af skv. 2. mgr. 218. gr. hgl., með því að hafa veist að systur sinni með höggum, hrindingum og hálstaki. Hlaut hún mar og sár á andlit og höfuð, háls, handleggi og fótleggi, ásamt mikilli blæðingu í höfuðvendi. Dánarorsök var hjartastopp í kjölfar sterkra taugaviðbragða, samfara lamandi áhrifum taugaboða á starfsemi hjartans, vegna skarps þrýstings á háls hennar. Í Hæstarétti var heimfærsla til 2. mgr. 218. gr. hgl. staðfest á eftirfarandi forsendum: „Þótt ekki sé unnt að segja til með vissu um nákvæma framvindu árásarinnar, verður að telja ljóst af ummerkjum öllum að hún var heiftúðug. Varlegast þykir að meta afleiðingar hennar ákærða til sakar sem gáleysisverk. Er atferlið því réttilega heimfært í ákæru undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“.

Í málinu virðast sönnunarástæður hafa ráðið mestu þegar háttsemin var heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. hgl. í ákæruskjali, enda var ákærði einn til

⁸³ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 64-65.

⁸⁴ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar*, bls. 206.

⁸⁵ Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 29.

⁸⁶ Ragnheiður Bogadóttir, „Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þegar sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu“, bls. 850.

vitnis um atburðarásina og erfitt að reiða fram nákvæmar sönnur á því hvað gerðist þann örlagaríka dag þegar ákærði réðst að systur sinni, með þeim afleiðingum að hún lést af völdum skarps þrýstings á háls.

Þessir sönnunarörðugleikar ákæranda koma þó hvað helst í ljós þegar reynir á mörk dolus eventualis og efsta stigs gáleysis eins og áður hefur komið fram. Með það í huga kann að vera að dæmt sé fyrir meðvitað gáleysisbrot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl., þótt í raun sé fyrir hendi ásetningsstigið dolus eventualis til afleiðinga, sem leitt hefði til þess að brot yrði heimfært undir 211. gr. hgl. hefði sönnun þess efnis tekist fyrir dómi.⁸⁷

Í **H 1992.605** má skýrlega greina þá erfiðu sönnunarbyrði ákæruvaldsins, sem hér hefur verið vikið orðum að:

H 1992.605. X réðst á brotþola með hnúajárni sem hann hafði útbúið sjálfur. Fyrir lá að hann hafði barið með hnúajárninu á húsrennu fyrir atlöguna, svo hún beyglaðist. X lamdi brotþola fimm hnefahögg með hnúajárninu í andlitið. Þrjú högg voru mjög þung, en hin voru reidd þegar brotþoli lá út af í tröppum svo að líklegt var að höfuð hans slægist við höggin í tröppurnar. **Fyrir dómi greindi X frá því að hann hefði gert sér grein fyrir því hversu alvarlegar afleiðingar háttsemi hans kynni að hafa í för með sér.** Í niðurstöðu héraðsdóms kemur fram að ákærða hafi ekki getað dulist, að yfirgnæfandi líkur væru á því að brotþoli hlyti bana af og var háttsemi hans heimfærð undir 211. gr. hgl. Í Hæstarétti var háttsemin hins vegar felld undir 2. mgr. 218. gr. hgl., á þeim forsendum að ekki þætti sannað að X hafi hlotið að sjá afleiðingarnar fyrir. (Áherslubreytingar höfundar)

Þegar litið er til þess að gerandi hafði fyrir atlöguna reitt högg með hnúajárninu á húsrennu, sem beyglast hafði við verknaðinn, má velja því fyrir sér hvort staðreyna hefði mátt hvort dolus eventualis ætti við um huglæga afstöðu hans til verknaðarins. Færa mætti fyrir því rök að fyrir fremjanda hafi órað að bani kynni að hljótast af svo alvarlegri árás, en hann látið sér í léttu rúmi liggja hver afleiðingin yrði, þá einkum í ljósi framburðar hans fyrir dómi þar sem hann kvaðst hafa gert sér grein fyrir hugsanlegum afleiðingum verknaðarins.⁸⁸

Í beinu framhaldi má vísa til dóms **H 1985.646** þar sem sömuleiðis reyndi á mörk 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl.:

H 1985.646. M var gert að sök að hafa orðið unnustu sinni K að bana með því að hafa hert trefil um háls hennar í átökum er hún hugðist yfirgefa íbúð þeirra. Héraðsdómur taldi háttsemi ákærða varða við 2. mgr. 218. gr. hgl. með vísan til þess að varhugavert væri að telja sannað að það hafi verið ásetningur hans að

⁸⁷ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 86.

⁸⁸ Ragnheiður Bogadóttir, „Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þegar sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu“, bls. 855.

þana K. Hæstiréttur heimfærði hins vegar verknaðinn undir 211. gr. hgl. með eftirfarandi orðum: „Það atferli ákærða að taka í trefil þennan, sem tvívafinn var um háls K, og draga hana þannig niður í rúm og halda síðan fast í trefilinn nærri hálsi hennar, svo sem lýst er í héraðsdómi, var stórháskalegt, og **gat ákærða ekki dulist, að yfirgnæfandi líkur væru á því, að hún hlyti af því líftjón.**“ (Áherslubreytingar höfundar)

Af orðalagi dómsins má ráða að sakfelling fyrir brot gegn 211. gr. hgl. sé byggð á líkindaásetningi. Þegar litið er til þess að héraðsdómur sýknaði ákærða í upphafi fyrir brot gegn 211. gr. hgl. á þeim rökum að ásetningur teldist ekki sannaður mætti þykja athyglivert að ekki hafi verið tekið til skoðunar hvort lægsta stig ásetnings kynni að ná til afleiðinga verknaðarins.

Áður en lengra er haldið er vert að varpa fram spurningu. Er raunin sú að dómstólar veigri sér við að staðreyna lægsta stig ásetnings, í málum þar sem reynir á mörk 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl.?

Hér vekur athygli að hugtakið *dolus eventualis* hefur sætt nokkurri gagnrýni á meðal fræðimanna, á þeim grundvelli að erfitt sé og jafnframt varhugavert að byggja á mælikvarðanum. Meðal annars hefur verið byggt á því sjónarmiði að mælikvarðinn samræmist ekki þeim grundvallarsjónarmiðum sem refsíákvæði byggja á, um skýrleika refsíheimilda, þar sem mælikvarðinn byggir á því að meta þurfi hverjar hafi verið hugmyndir geranda á verknaðarstundu, með tilliti til þess hvernig hann hefði hugsanlega hagað sér hefði hann vitað hvað kynni að leiða af verknaði sínum. Sé þannig varhugavert að byggja á ásetningsstiginu, nema fyrir liggi ótvíræðar játningar geranda eða vitni að hugsanlegum ummælum sem gerandi hefur viðhaft um verknað á framningarstundu.⁸⁹ Þegar þetta er haft í huga, mætti fallast á sjónarmið Landsréttar Danmerkur sem fjallað hefur um *dolus eventualis* í máli **U 1992.455**, þar sem vikið er að því að varlega skuli fara við notkun á ásetningsafbrigðinu.⁹⁰

Með fyrrgreind sjónarmið í huga, er sú staðreynd áhugaverð að til þessa hefur ekki skýrlega verið byggt á *dolus eventualis* við sakarmat, þegar um fullframið manndráp er að ræða, þá jafnframt í þeim tilvikum þar sem

⁸⁹ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 79. Hér er einnig vakin athygli á dómi Landsréttar Danmerkur **U 1918.946 H** þar sem ásetningur var talinn sannaður í brennumáli með vísan til *dolus eventualis*. Fyrir lá að gerandi hafði viðhaft eftirfarandi orð um verknaðinn: „Ske hvad der vil!“ sem leiddu í ljós huglæga afstöðu hans á verknaðarstundu.

⁹⁰ Greve, Vagn; Jensen, Asbjørn og Nielsen, Gorm, *Kommenteret straffelov. Almindelig del*, bls. 184.

staðreyna þarf ásetning við mat á mörkum 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl.⁹¹ Við athugun á dómum Hæstaréttar má hins vegar greina að ásetningsstiginu hafi verið beitt í nokkrum tilvikum, þegar sakfelld hefur verið fyrir tilraun til manndráps, sjá **H 1973.912**, **H 1998.1503** og einnig í nýlegum dómi Hæstaréttar **H 171/2010**.

Athygli vekur að þegar almennt eru skoðaðir dómur þar sem sakfelld er fyrir manndráp af ásetningi, í þeim tilvikum þar sem reynir á mörk ákvæða 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl., virðist sakfelling fyrir brot gegn 211. gr. hgl. í flestum tilvikum byggð á líkindaásetningi. Metur dómari þá aðstæður svo, að geranda hafi mátt vera ljóst að langlíklegast væri að bani myndi hljóta af atlögu.⁹² Sé að minnsta kosti líkindaásetningur ekki talinn ná til afleiðinga verknaðar, virðist dómstólum þykja varlegast að meta afleiðingar verknaðar til gáleysis, og fella háttsemina því undir 2. mgr. 218. gr. hgl.⁹³

Freistandi er að draga þá ályktun að Hæstiréttur Íslands hafi tekið svipaða nálgun á saknæmisskilyrðið *dolus eventualis* líkt og Landsdómur Danmerkur, sem eins og áður sagði hefur varað við óhóflegri notkun á ásetningsafbrigðinu. Dómstólar virðast við mat á því hvort ásetningur eða gáleysi nái til afleiðinga verknaðar fyrst og fremst skoða hvort efri stig ásetnings eigi við um verknaðinn. Telja verður að í framtíðinni kunni einkum að reyna með sanni á mörk *dolus eventualis* og efsta stigs gáleysis, í málum er varða manndráp af ásetningi og meiriháttar líkamsárásir sem leiða til dauða, þegar fyrir liggja ótvíræð sönnunargögn til að byggja á mælikvarðanum.

Vera kann að sú tilhneiging dómara að taka fyrrgreinda afstöðu við sakarmat, beri keim af þeirri grunnreglu að vafa um sekt skuli skýra ákærða í hag. Að vissu leyti má telja afstöðu þeirra skiljanlega í ljósi þess að í mörgum tilvikum getur verið ófyrstíganlegt að sanna *dolus eventualis* til afleiðinga verknaðar, þegar ekki liggja fyrir skýr og ótvíræð sönnunargögn til að staðreyna slíka huglæga afstöðu geranda á verknaðarstund.

⁹¹ Byggt á sjálfstæðri athugun á forsendum dóma Hæstaréttar frá árunum 1951 – 2010.

⁹² Ragnheiður Bogadóttir, „Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þegar sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu“, bls. 837.

⁹³ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar*, bls. 206.

4.3. Sakarmat dómstóla með tilliti til verknaðaraðferða

Þegar ekki liggja fyrir vitni um atburðarás né full játning fremjanda, getur reynst erfitt að leiða fram beina sönnun um það hvað vakti fyrir fremjanda til að staðreyna ásetning eða eftir atvikum gáleysi til afleiðinga verknaðar. Í slíkum tilvikum er huglæg afstaða fremjanda oft ráðin af ytri atvikum, nánar tiltekið verknaðaraðferðum sem beitt var við verknað.⁹⁴

Að því sögðu getur verið athyglivert að skoða nánar þá dóma Hæstaréttar, sem fallið hafa þar sem reynir á brot gegn ákvæðum 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl., þegar bani hlýst af atlögu. Freistandi er að leita svara við þeirri spurningu, hvert sé vægi einstakra verknaðaraðferða sem beitt var við atlögu, við mat á því hvort afleiðingar verknaðar verða taldar geranda til gáleysis eða ásetnings.

Við athugunina verður stuðst við dóma Hæstaréttar frá árunum 1980 til 2010 sem gengið hafa um nokkrar þær helstu verknaðaraðferðir sem beitt hefur verið við fullframningu brota gegn ákvæðum 211. gr. hgl. og 2. mgr. 218. gr. hgl. Ekki verður vísað til dóma í þeim tilvikum þar sem sýknað hefur verið af refsikröfu með vísan til ósakhæfis ákærða, né þar sem sakfelld hefur verið fyrir manndráp af gáleysi skv. 215. gr. hgl. Í fáeinum tilvikum þykir ástæða til þess að vísa til forsendna dóma þar sem tilraun til manndráps er til umfjöllunar, en slíkt verður gert í þeim tilgangi að varpa frekara ljósi á mat dómstóla á huglægri afstöðu geranda með tilliti til verknaðaraðferða.

4.3.1. Eggvopn

Á athugunartímabilinu hafa gengið 12 dómar í Hæstarétti þar sem hnífstungu hefur verið beitt við atlögu sem leiddi til bana. Í 11 tilvikum var háttsemi heimfærð undir 211. gr. hgl. með ákæru og dómi sjá **H 1980.1021 (Hnífstunga í hjarta)**, **H 1981.639 (Hnífstunga í kvið, skorið á háls)**, **H 1983.1234 (Eggvopnum beitt að brjósti, kvið og augum)**, **H 1984:688 (Fjórar hnífstungur í bak)**, **H 1987.700 (Vasahnífstunga í brjóst)**, **H 1988.1583 (Hnífstunga í hjarta)**, **H 1990.59 (Hálstak og hnífstunga í kviðarhol)**, **H 1994.514 (Vasahnífur í hjartastað)**, **H 45/2000 (Fjöldi hnífstungna í brjósthol)**, **H 24/2001 (Hnífstungur í síðu, brjósthol og**

⁹⁴ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 64.

höfuð) og **H 524/2005 (Tvær hnífstungur í brjóstakassa)**. Athygli vekur að í einu tilviki hefur háttsemin verið heimfærð aðallega undir ákvæði 211. gr. hgl. í ákæru, en ákvæði 2. mgr. 218. gr. hgl. til vara sjá **H 1992.1658 (Flökunarhnífur í hjartastað)**.

Þegar litið er til forsendna dóma sem gengið hafa um verknaðaraðferðina, má sjá að í fáeinum tilvikum er sérstaklega vísað til þess að hættulegu vopni hafi verið beitt við verknað, sjá **H 1987.700** og **H 1983.1234**. Virðast dómarráðgjafar á hinn bóginn í mörgum tilvikum byggja sakfellingu fyrir brot gegn 211. gr. hgl. á þeirri þekkingu að sá verknaður að beita eggvopni sé hættuleg aðferð sem geranda hljóti að vera ljóst að langlíklegast sé að bani hljótist af. Þótt ekki sé undantekningalaust vikið að því í málum að hættulegri aðferð hafi verið beitt við verknað, mætti telja að beiting eggvopna sé augljóslega hættuleg aðferð sem ekki sé þörf á að nefna sérstaklega í dómi.⁹⁵

Þessu til frekari stuðnings er vert að líta til dóma sem gengið hafa um tilraun til manndráps, þar sem árásarþoli lifir af verknað sem framinn er með eggvopni. Í þeim tilfellum er algengt að sakfelldur sé fyrir brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr. hgl. séu áverkar árásarinnar taldir lífshættulegir. Í þeim tilvikum virðist niðurstaða dómsins, varðandi ásetning til afleiðinga verknaðar, byggja að miklu leyti á þeirri þekkingu að eggvopn séu lífshættuleg vopn sem eru til þess fallin að valda bana þess sem fyrir slíkri árás verður.⁹⁶ Í því sambandi vekja ummæli í máli **H 415/2006** sérstaka athygli:

H 415/2006. X var sakfelldur fyrir tilraun til manndráps skv. 211. gr., sbr. 20. gr. hgl. fyrir að hafa stungið A tvisvar sinnum með hnífi í brjósthol með þeim afleiðingum að lunga hans féll saman. Í forsendum héraðsdóms, sem staðfestar voru í Hæstarétti, kom eftirfarandi fram: „**Hnífsstunga í brjósthol manns hljóti ávallt að teljast til þess fallin að valda dauða hans.** Hlaut ákærði því að gera sér grein fyrir því sem hann var að gera A og einnig því að langlíklegast væri að hann biði bana af atlögunni. Hefur ákærði brotið gegn 211., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.“ (Áherslubreytingar höfundar)

Við þennan samanburð vakna áleitnar spurningar: Gefur sú staðreynd, að eggvopni hafi verið beitt við atlögu, ávallt til kynna huglæga afstöðu geranda á verknaðarstundu þess efnis að ásetningur hans hafi staðið til að valda bana árásarþola? Í því samhengi er vert að víkja stuttlega að máli **H 1980.1021**:

⁹⁵ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar*, bls. 120.

⁹⁶ Í grein Ragnheiðar Bogadóttur, „Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þegar sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu“ er á bls. 849-850 einnig vísað til þessarar tilhneigingar dómstóla við sakarmat í málum er varða manndrápstilraunir.

H 1980.1021. K var ákærð fyrir manndráp af ásetningi skv. 211. gr. hgl., fyrir að hafa stungið fyrirverandi eiginmann sinn með eldhúshníf vinstra megin í brjóst. Stungan náði inn í hjarta með þeim afleiðingum að M lést skömmu síðar af sárum sínum. Við skýrslutöku kvaðst K ekki hafa haft ásetning til að meiða M, heldur hafi hún eingöngu ætlað að hræða hann eftir rifrildi þeirra á milli. Bar hún fyrir dómi að eftir orðaskipti þeirra á milli hafi hún gengið inn í eldhúsið á heimili sínu, tekið upp hníf og beint honum niður og fram á við gegnt M. Kvað hún M þá hafa gripið um handlegg hennar og snúið upp á hann. Þá næst kvaðst hún hafa séð að blóð væri á hnífnum og að skyrta áráspola væri blóðug. Kallaði K strax eftir hjálp og kvaðst vera miður sín eftir verknaðinn. Í forsendum héraðsdóms sem staðfestar voru í Hæstarétti segir: „Sannað þykir með framburði ákærðu og öðrum gögnum, að ákærða hafi orðið M að bana með hnífstungu í brjóst. Telja verður, að ákærða hafi ekki fyrirfram búið yfir neinum áformum um að ráða M af dögum, heldur hafi hún unnið verkið óyfirvegað. **Ákærða lagði M hnífi í hjartastað og hlaut að vera ljóst, að slík atлага mundi sennilega leiða til dauða.** Ber að meta verknað hennar ásetningsverk, er varði við 211. gr. alm. hegningarlaga.“ (Áherslubreytingar höfundar)

Þegar höfð er í huga sú staðreynd að stúlkan neitaði að hafa ætlað að svipta manninn lífi og jafnframt með það í huga að óvíst var hvort stúlkan hafði beint hnífnum að hjartastað áráspola af markvísi, mætti skoða betur það sakarmat sem átti sér stað í málinu. Í ljósi atvika málsins mætti telja að sú staðreynd að hnífi var beitt við verknaðinn hafi óhjákvæmilega haft veigamikil áhrif á þá niðurstöðu að meta afleiðingar verknaðarins til ásetnings.

Á svipuð álitamál reyndi í máli **H 1992.1658**, en athygli vekur að þar var háttsemin aðallega heimfærð undir 211. gr. í ákæru, en 2. mgr. 218. gr. hgl. til vara:

H 1992.1658. K var ákærð fyrir að hafa stungið sambýlismann sinn M með flökunarhníf í hjartastað. Stungan fór í gegnum vinstri slegil hjartans sem síðar leiddi M til bana. Í ákæru var háttsemin aðallega heimfærð undir ákvæði 211. gr., en 2. mgr. 218. gr. hgl. til vara. Vitni voru að atburðarásinni umrætt sinn. Var henni lýst á þann hátt að ósætti hafi orðið á milli K og M þar sem M hafi setið við drykkju og fíkniefnaneyslu á heimili þeirra fyrir framan börn þeirra í óþökk K. Kvaðst K hafa ætlað að hræða M og ota hnífnum að fæti hans eða hnjám. Þá kvaðst hún ekki hafa ætlað sér að stinga hann. Í forsendum héraðsdóms sem staðfestar voru af meirihluta Hæstaréttar segir: „Fallast má hins vegar á það með ákærðu, að hún hafi ekki fyrir fram búið yfir áformum um að ráða M af dögum. Málsatvik þykja leiða í ljós, að ákærða hafi skyndilega og í mikilli geðshræringu lagt til M með hnífnum. Ákærða, sem var bæði mjög reið og ölvuð, er hún framdi verknaðinn, **mátti gera sér ljóst, að það var stórhættulegt að leggja með flökunarhnífnum í hjartastað M og gat lent til dauða hans.** Hér var því um ásetningsverk að ræða, sem varðar við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“ (Áherslubreytingar höfundar)

Af niðurstöðu dómsins má ráða að helst hafi ráðið lyktum málsins að hnífi hafi verið beitt við verknaðinn, sem hæfði áráspola umrætt sinn á viðkvæman stað, með alvarlegum afleiðingum. Spyrja má hví ásetningur hafi verið staðreyndur, án tillits til þess sem fram kom í málinu og stutt var með vitnum

sem komu fram fyrir dómi, þess efnis að hnífnum hafi ekki verið beitt með markvissum hætti að hjarta brotaþola. Í sératkvæði eins dómara í málinu er nánar vikið að þeim þáttum:

Af frásögnum gesta í stofunni **verður ekki ályktað, að hún hafi beitt hnífnum af markvísi**, né heldur, að maðurinn hafi setið undir atlögunni án þess að bregðast við. **Virðist tilviljun ótvírætt hafa ráðið því, að hnífurinn gekk inn í brjóst manningnum og hitti hann í hjartastað. Að virtum öllum upplýsingum í málinu verður að telja ósannað, að ákærða hafi hlotið að sjá fyrir banvæni atlögunnar með svo eindregnum hætti, að 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi við um verknað hennar.** Hins vegar verður hún talin sek um líkamsárás, er varði við 2. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Við refsíákvörðun ber að líta til hinnar sérstöku hættu, sem af hnífnum stafaði, og þeirra annarra atriða, sem rakin eru í héraðsdómi.⁹⁷ (Áherslubreytingar höfundar)

Af sératkvæðinu má ráða að dómariinn telji að líta beri til þess að ekki hafi verið sannað að konan hafi hlotið að sjá fyrir afleiðingar verknaðarins. Virðist dómariinn hafa í huga þá grundvallarreglu að vafa um sekt skuli skýra sökuðum manni í hag, enda voru atvik málsins á þann veg að ekki þótti ótvírætt sannað að hnífnum hafi verið beitt markvisst að hjartastað árásarþola. Með vísan til þess mætti fallast á rök dómarsins í sératkvæðinu um sakfellingu fyrir meiriháttar líkamsárás samkvæmt 2. mgr. 218. gr. hgl.

Hér má hafa í huga að þrátt fyrir að eggvopni sé beitt við verknað, er ekki einhlítt að ásetningur geranda standi til þess að valda bana árásarþola.⁹⁸ Í báðum þeim tilvikum sem hér eru til skoðunar mætti af forsendum dómanna ráða að staðreyndur hafi verið ásetningur til afleiðinga verknaðarins með hliðsjón af þeirri staðreynd að eggvopni var beitt við atlögunnar. Sú niðurstaða er athygliverð í ljósi þess að ekki þykir sá möguleiki hafa verið útilokaður, að eggvopninu kunni að hafa verið beitt fyrir tilviljun að hjartastað beggja árásarþola. Burtséð frá því vekur sérstaka athygli að ákvörðun refsingar í báðum fyrrgreindum málum eru sjáanlega mildari heldur en refsingar fyrir önnur brot, sem fullframin eru með eggvopni og heimfærð undir 211. gr. hgl. með dómi.⁹⁹ Var þannig ákvörðuð refsing fimm ár í máli **H 1980.1021**, en fjögur ár í máli **H 1992.1658**. Vera kann að slíkt gefi til kynna að í báðum

⁹⁷ Úr sératkvæði Hjartar Torfasonar í dómi **H 1992.1658**, bls. 1659.

⁹⁸ Ragnheiður Bogadóttir, „Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þegar sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu“, bls. 850.

⁹⁹ Hér er vakin athygli á könnun sem gerð var á ákvörðun refsinga í málum er varða manndráp af ásetningi á tímabilinu 1951-2000. Samkvæmt athugininni var meðalrefsing vegna brota gegn 211. gr. hgl., sem framin voru með eggvopni, 12 ára fangelsi. Sjá Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar*, bls. 119.

tilvikum hafi huglæg afstaða til afleiðinganna verið nokkuð á mörkum ásetnings og gáleysis.

Hér mætti draga ályktun í þá átt að Hæstiréttur sé viljugur til þess að teygja ásetning til afleiðinga verknaðar langt, í þeim tilvikum þegar eggvopni er beitt við atlögu sem leiðir til dauða. Framangreind mál bera þess keim að þegar þeirri aðferð hefur verið beitt við verknað sem leiðir til dauða, vegi það mjög þungt við sakarmat í manndraps og líkamsárásarmálum.

4.3.2. Hálstak og kyrking

Á tímabilinu gengu 11 dómur í Hæstarétti þar sem hálstaki eða kyrkingu var beitt við atlögu sem leiddi til dauða. Í sjö tilvikum var sakfelld fyrir manndráp af ásetningi skv. 211. gr. hgl. og heimfært til sama ákvæðis í ákæruskjali sjá **H 1981.710 (Snæri um háls unnustu)**, **H 1985.646 (Trefill um háls unnustu)**, **H 1988.1604 (Hálsbindi)**, **H 1989.634 (Kaðall um höfuð og háls)**, **H 121/2001 (Kyrking)**, **H 141/2005 (Taubelti og kúbein)** og **H 408/2005 (Þvottasnúra um háls eiginkonu)**. Í tveimur tilvikum var ákært fyrir manndráp af ásetningi skv. 211. gr. hgl., en háttsemi heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. hgl. með dómi sjá **H 1980.883 (Buxnabelti í fangaklefa, samverknaður)**¹⁰⁰ og **H 1987.1063 (Hálstak og kefling)**. Þá vekur athygli að í tveimur tilvikum var eingöngu ákært fyrir brot gegn ákvæði 2. mgr. 218. gr. hgl. sjá **H 1986.1287 (Farið út fyrir takmörk neyðarvarnar með kyrkingu)** og **H 1997.1024 (Skarpur þrýstingur á háls)**.

Við athugun á forsendum fyrrgreindra dóma vekur athygli að sjaldséð er að sérstaklega sé vísað til hættueiginleika verknaðar sem fullframinn er með kyrkingu eða hálstaki. Í forsendum Hæstaréttar í máli **H 1985.646** má hins vegar sjá að vikið sé að verknaðaraðferð við sakarmat:

H 1985.646. M var ákærður fyrir manndráp af ásetningi skv. 211. gr. hgl., með því að hafa togað í trefil sem unnusta hans K hafði um hálsinn þar til hún missti meðvitund. Kvaðst M hafa talið að liðið hefði yfir hana, en K hafi verið látin er hann athugaði nánar. Að áliti prófessors sem framkvæmdi krufninguna taldi hann að mikið innihald vöðvaslakandi efna ásamt etanóls í þvagi og blóði hinnar látu væru samverkandi orsök að dauða K. Héraðsdómur taldi varlegast að meta afleiðingar háttseminnar til gáleysis og felldi verknaðinn undir 2. mgr. 218. gr. hgl. Í Hæstarétti var fallist á heimfærslu til 211. gr. hgl. og ásetningur til afleiðinga

¹⁰⁰ Í málinu var háttsemin heimfærð undir 218. gr. og 215. gr. hgl., en dómurinn féll fyrir gildistöku laga nr. 20/1981. Eftir breytinguna eru líkamsárásir sem leiða til bana felldar undir 2. mgr. 218. gr. hgl.

talinn sannaður gegn neitun M með eftirfarandi orðum: „Það atferli ákærða að taka trefil þennan, sem tvívafinn var um háls K, og draga hana þannig niður í rúm og halda síðan fast í trefilinn nærri hálsi hennar, svo sem lýst er í héraðsdómi, var stórháskalegt, og gat ákærða ekki dulist, að yfirgnæfandi líkur væru á því, að hún hlyti af því líftjón.“

Telja má að hættueiginleikar kyrkingar hafi haft veigamikil áhrif á heimfærslu til 211. gr. hgl. í málinu, þá sérstaklega þegar haft er í huga álit sérfræðings sem framkvæmdi krufningu í málinu og taldi dauðdagann einnig hafa orðið af samverkandi þáttum vöðvaslakandi efna og áfengisnotkunar.

Hér er einnig vakin athygli á máli **H 1981.710** þar sem sakfelling fyrir brot gegn 211. gr. hgl. var byggð á eðli þeirrar atlögu sem beitt var við verknaðinn, sem fólst í því að bregða snæri um háls árársþola og herða að. Með vísan til þess var ásetningur til afleiðinganna talinn sannaður gegn neitun ákærða, sem fullyrti að það hafi ekki verið ásetningur hans að deyða hina látnu.

Þá bera forsendur héraðsdóms í máli **H 1980.883** þess greinilega merki að sú aðferð sem beitt var við verknað hafi haft áhrif á sakarmat dómsins:

H 1980.883. A og B voru ákærðir fyrir manndráp af ásetningi skv. 211. gr. hgl., með því að hafa í sameiningu brugðið buxnabelti um háls X sem svaf ölvunarsvefni á bekk í fangaklefa sem þeir dvöldust saman í og hert að hálsi hans. Var X síðar úrskurðaður látinn af völdum árársinnar. Héraðsdómur féllst á heimfærslu til 211. gr. hgl. á eftirfarandi forsendum: „**Með tilliti til þeirra aðferða, sem sannað verður að telja, að ákærðu hafi beitt, þ.e. að herða ól að hálsi X og berja hann, verður að líta á verknað ákærðu sem ásetningsverknað**, og varðar hann því 211. gr. alm. hegningarlaga, eins og í ákæru greinir.“ Hæstiréttur færði verknaðinn undir 218. gr. og 215. gr. hgl. með vísan til þess að enginn skýr hvati hafi verið að verknaðinum, en einnig með tilliti til brennlaðs hugarástands A og B á verknaðarstundu. (Áherslubreytingar höfundar)

Niðurstaða Hæstaréttar í málinu, um sýknu fyrir brot gegn 211. gr. hgl., skýtur skökku við þegar litið er til þeirrar háskalegu aðferðar sem sannað var að beitt hafði verið við verknaðinn. Þá verður að telja niðurstöðuna athygliverða þegar litið er til dóms í máli **H 121/2001** sem gekk í Hæstarétti rúmum tveimur áratugum síðar:

H 121/2001. K var ákærð fyrir manndráp af ásetningi skv. 211. gr. hgl., með því að hafa ráðist á M þar sem hann lá á dýnu á gólfi, sest klovvega ofan á hann og þrengt að hálsi hans þar til hann lést. Atvikið átti sér stað á meðan fólk sat við drykkju, en voru þau undir verulegum áhrifum áfengis og annarra vímuefna. Hæstiréttur staðfesti heimfærslu til 211. gr. hgl. á eftirfarandi forsendum: „**Af krufningarskýrslu má ráða að atlagan hafi verið harkaleg og ofsafengin. Þá beindist hún að hálsi manns þar sem aðalæðar liggja til heilans.** Þeim sem beittir slíkum tókum getur ekki dulist að langlíklegast sé að bani hljótist af“.

(Áherslubreytingar höfundar)

Í málinu tekur rétturinn bæði til skoðunar hversu hart var gengið fram og þeirrar staðreyndar að hættulegri aðferð var beitt við verknaðinn. Óhjákvæmilegt er að hugsa til þess hversu mál þetta er eðlislíkt fyrrgreindu máli **H 1980.883**, þá einkum í ljósi þess að ástand árárþola var þokukennt af fíkniefnaneyslu og hvatir að verknaðinum ósannaðar. Með það í huga mætti telja niðurstöðu fyrra málsins nokkuð áhugaverða.

Í málum er varða brot sem fullframin eru með kyrkingum eða hálstaki virðist sakarmat bera þess keim að þungt vegi hversu hart var gengið fram við verknað. Í máli **H 1987.1063** var ásetningur til afleiðinga ekki talinn sannaður og verknaður heimfærður undir 2. mgr. 218. gr. hgl. Af forsendum dómsins má ráða að sýkna fyrir brot gegn 211. gr. hgl. hafi byggst á þeirri staðreynd að ekki hafi verið gengið hart fram við atlöguna:

H 1987.1063. M var ákærður fyrir manndráp af ásetningi skv. 211. gr. hgl. fyrir að hafa svipt eiginkonu sína K lífi með því að hafa gripið báðum höndum um framanverðan háls hennar, keflt hana, hnýtt skyrtuból upp í munn hennar og hert aftur fyrir hnakka. Yfirgaf ákærði K þannig um stund, en er hann hugaði að henni litlu síðar kom hann að henni látinni. Ákærði bar því við að hann hafi framkvæmt verknaðinn í því skyni að hindra K í því að fara út úr húsi þeirra og verða sér úti um fíkniefni. Sú frásögn varð lögð til grundvallar í dómnum. Í Hæstarétti þótti varlegast að meta afleiðingar árárinnar til sakar sem gáleysisverk, þar sem varhugavert þótti að álykta að ákærði hafi hlotið að sjá það fyrir sem langlíklegustu afleiðingu að bani hlytist af verknaðinum. Var því verknaðurinn felldur undir 2. mgr. 218. gr. hgl.

Af málsatvikum má ráða að sú aðferð sem beitt var við verknaðinn hafi ekki talist jafn háskaleg og venjulega þegar kyrkingum er beitt. Af þeim sökum mætti fallast á niðurstöðu málsins, enda talið sannað að ekki hafi verið gengið hart fram við verknaðinn.

Að þessu sögðu bera þeir dómur með sér, þar sem kyrkingu eða hálstaki hefur verið beitt við fullframningu brots, að dómstólar líti nokkuð til þess hversu hart var gengið fram við atlögu við mat á ásetningi eða gáleysi til afleiðinga verknaðar. Talsverðan mun má greina á milli sakarmats í málum þar sem annars vegar er gengið fram með kyrkingum og hins vegar eggvopnum. Fyrrgreind mál bera þess keim að dómstólar telji varhugavert, í þeim tilvikum þegar kyrkingu eða hálstaki hefur verið beitt við fullframningu brots, að byggja niðurstöðu sína um sakfellingu fyrir brot gegn 211. gr. hgl. á verknaðaraðferð einni og hættueiginleikum hennar.

4.3.3. Hnefahögg og spörk

Á tímabilinu hafa átta dómur fallið í Hæstarétti þar sem gengið hefur verið fram með hnefahöggum og spörkum, með þeim afleiðingum að bani hefur hlotist af. Í sex tilfellum hefur háttsemin verið heimfærð í ákæruskjali undir ákvæði 2. mgr. 218. gr. hgl. sjá **H 1986.847 (Mörg högg í andlit)**, **H 1990.1296 (Mörg högg í höfuð)**, **H 1998.2060 (Högg og spörk í höfuð)**, **H 235/2003 (Mörg högg og spörk í höfuð, samverknaður)**, **H 508/2005 (Eitt hnefahögg á háls)** og **H 602/2006 (Eitt hnefahögg á háls)**. Í tveimur tilvikum var verknaður aðallega heimfærður undir 211. gr. í ákæru, en 2. mgr. 218.gr. hgl. til vara sjá **H 1988.222 (Höfuðhöggi beint að hreyfihamlaðri konu)** og **H 1992.605 (Höggum með hnúajárni beint að andliti)**.

Mál **H 508/2005** og **H 602/2006** eiga það sammerkt að þar var dánarorsök árársþola eitt högg á háls, sem leiddi samstundis til dauða. Í báðum tilfellum var háttsemin heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. hgl. í ákæruskjali og með dómi. Fallast má á heimfærslu í þeim málum, en athygli vekur orðalag dómsins í máli **H 508/2005** þar sem sérstaklega er vísað til þeirrar aðferðar sem beitt var við verknaðinn: „Á hinn bóginn verður ekki talið að ákærði hafi beitt sérlega hættulegri aðferð við atlöguna og ljóst er að afleiðingar af hnefahöggi hans urðu mun alvarlegri en við mátti búast.“ Virðist hér byggt á þeirri almennu þekkingu að hnefahögg séu almennt ekki hættuleg aðferð sem langlíklegast sé að bani hljóttist af.

Sérstaka athygli vekur að á athugunartímabilinu hefur enginn dómur gengið þar sem fallist hefur verið á að verknaður, sem fullframin er með hnefahöggum og spörkum, verði heimfærður undir 211. gr. hgl. Á hinn bóginn féllst héraðsdómur í máli **H 1992.605** á slíka heimfærslu:

H 1992.605. M var ákærður fyrir manndráp skv. 211. gr. hgl., en til vara fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl., fyrir að hafa veist að X og slegið hann tvö til þrjú högg í andlitið með hnúajárnum á krepptum hnefa sem hann hafði útbúið sjálfur og þegar X missti meðvitund slegið hann fleiri högg í andlitið. Við árásins hlaut X rof á heilaeð og blæðingu á heila sem leiddi hann til dauða. Í héraðsdómi var M sakfelldur fyrir manndráp af ásetningi á eftirfarandi forsendum: „með því að slá X fimm hnefahögg með hnúajárnunum í andlitið, þar af þrjú mjög þung, en hin, er hann lá út af í tröppunum, svo að líklegt var, að höfuð hans slægist við högginn í tröppurnar, hafi ákærða ekki getað dulist, að yfirgnæfandi líkur voru á því, að X hlyti bana af, og hefur hann með því gerst brotlegur við 211. gr. almennra hegningarlaga.“ Í Hæstarétti var ekki fallist á heimfærslu til 211. gr. og brotið heimfært undir 2. mgr. 218. gr. hgl. á þeim forsendum að ekki væri talið sannað að M hafi hlotið að sjá fyrir afleiðingar verknaðar síns, en hefði þó mátt gera sér grein fyrir hættu þeirri sem var samfara árásinni.

Þegar lítið er um farinn veg var árið 1962 sakfelld fyrir manndráp af ásetningi skv. 211. gr. hgl. þar sem verknaðaraðferð var högg og spörk sjá **H 1962.755**. Um er að ræða eina málið sem vitað er að gengið hafi í Hæstarétti, þar sem sakfelld hefur verið fyrir manndráp af ásetningi, þegar gengið hefur verið fram með höggum og spörkum:

H 1962.755. M var ákærður fyrir manndráp af ásetningi skv. 211. gr. hgl., en til vara fyrir brot gegn 218. gr. og 215. gr. hgl., fyrir að hafa veist að eiginkonu sinni K, barið hana og misþyrmt henni svo að hún lést af áverkunum. Af krufningarskýrslu mátti ráða að höfuðorsök dauða hennar hafi verið sprunga á lifur sem blætt hafði úr í kviðarhol. Talið var sannað að árás M gegn K hafi verið ofboðsleg, en að sögn M hafði K oft fallið í gólfið á meðan árásinni stóð og reynt að verja sig, en hann engu skeytt fyrr en hún stóð ekki aftur upp. Hæstiréttur virti verknaðinn til ásetnings M með vísan til þess að honum hafi mátt vera ljóst hverjar afleiðingar kynnu að verða af þeirri hrottarlegu aðför að henni, enda hafi hann ekki látið af árásinni fyrr en hún lá ósjálfbjarga á gólfinu.

Þegar atvikalýsing máls þessa er höfð í huga vekur mál sem gekk í Hæstarétti rúmum fjórum áratugum síðar sérstaka athygli:

H 235/2003. B og G voru ákærðir fyrir líkamsárás sem leiddi til bana skv. 2. mgr. 218. gr. hgl., fyrir að hafa veist að X og slegið hann mörg hnefahögg í höfuð, sparkað með hnjám í höfuð hans og skallað hann ítrekað, en eftir að X féll í jörðina sparkað margsinnis af afli í höfuð hans með hnjám og fótum. Hlaut X höfuðkúpubrot og blæðingu inn á heila og lést síðar af völdum áverkanna. Hæstiréttur fellst á heimfærslu til 2. mgr. 218. gr. hgl. með eftirfarandi orðum: „Bera þeir fulla refsíabyrgð á afleiðingum verknaðarins enda átti þeim að vera ljóst að atlgögur þeirra voru til þess fallnar að leiða til alvarlegs líkamstjóns“.

Með það í huga að í málinu lágu fyrir myndbandsupptökur úr öryggismyndavél sem sýndu hversu hrottaleg líkamsárásin var sem leiddi árársþola til dauða, mætti telja að heimfæra hefði mátt verknaðinn undir 211. gr. hgl. í ákæruskjali. Með því hefði dómara í málinu verið látið eftir sönnunarmat á því hvort ásetningur hafi náð til afleiðinga verknaðarins, en í málinu var dómari bundinn við heimfærslu til 2. mgr. 218. gr. hgl.

Hér má sömuleiðis vísa í mál **H 1986:847** þar sem atlagan sem leiddi til dauða var hrottarleg og mörgum þungum höggum beint að andliti árársþola, meðal annars með þeim afleiðingum að kjálki hins látna brotnaði beggja vegna. Var háttsemin heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. hgl. í ákæruskjali og með dómi.

Í báðum fyrrgreindum málum má telja að sú staðreynd að ekki var beitt hættulegra vopni við verknaðinn hafi haft talsverð áhrif á heimfærslu til 2. mgr. 218. gr. hgl. í ákæruskjali. Með vísan til þess hversu hart var gengið fram í

málunum hefði verið fróðlegt að sjá hver niðurstaðan hefði orðið hefði verið ákært fyrir brot gegn 211. gr. hgl.

Að þessu sögðu má greina að ákveðin tilhneiging virðist vera til staðar að þykja varlegast að telja gáleysi ná til afleiðinga verknaðar, í þeim tilfellum þegar gengið hefur verið fram með höggum og spörkum. Slíkt má telja athugavert í ljósi þess að slíkar atlögur geta verið háskalegar og til þess fallnar að valda bana sé hart gengið fram við verknað. Þá hefur Ragnheiður Bogadóttir sérstaklega vikið orðum að því sjónarmiði í riti sínu um líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. hgl.:

Sú verknaðaraðferð að berja höfði árárþola margsinnis í hart gólf eða sparka með fullum þunga ítrekað í höfuð er stórháskaleg og getur valdið líftjóni. Sérhverjum manni með meðalgreind ætti að vera þetta ljóst. Í slíkum tilfellum ættu dómstólar líkt og í mörgum hnífstungumálum að sakfella fyrir brot gegn 211. gr. hgl. um manndráp af ásetningi, á grundvelli hreins dómstólamats á hinni huglægu afstöðu geranda.¹⁰¹

Fallast má á framangreind rök, þegar haft er í huga að í tilvikum þar sem ítrekuðum höggum og spörkum er beint að viðkvæmum líkamshlutum árárþola, geta hættueiginleikar slíks verknaðar reynst álíka hættulegir og verknaður sem fullframinn er með hættulegu vopni. Að því sögðu mætti telja að ákærvald ætti í slíkum tilvikum að taka til skoðunar að heimfæra verknað undir 211. gr. hgl. í ákæruskjali og láta dómi eftir mat á því hvort afleiðingar háttseminnar verði raktar til ásetnings eða gáleysis. Í því samhengi má hafa í huga að huglæg afstaða geranda kann að vera einbeitt þess efnis að deyða annan mann, þrátt fyrir að gengið sé fram með höggum og spörkum.¹⁰²

Með hliðsjón af þeim dómum sem fallið hafa í Hæstarétti, í þeim tilvikum þar sem gengið hefur verið fram með höggum og spörkum, virðist tilhneiging vera til staðar að líta í veigamiklum atriðum til þeirrar verknaðaraðferðar sem beitt var við atlögu. Greina má að mikil áhrif hafi á sakarmat að hættueiginleikar þeirrar verknaðaraðferðar séu almennt ekki miklir. Virðast dómáramur telja varlegast að meta afleiðingar slíkrar háttsemi til gáleysis, jafnvel í þeim tilfellum þar sem harkalega hefur verið gengið fram og tíðum höggum beint að viðkvæmum stöðum líkamans.

¹⁰¹ Ragnheiður Bogadóttir, „Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þegar sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu“, bls. 854.

¹⁰² Sama heimild, bls. 855.

Lokaorð

Hér hefur verið fjallað um mörk ákvæðis 211. gr. hgl. um manndráp af ásetningi og 2. mgr. 218. gr. hgl., um meiriháttar líkamsmeiðingar þegar bani hlýst af atlögu, en skilin á milli ákvæðanna lúta að mismunandi viljaafstöðu geranda til afleiðinga verknaðar. Sönnunarörðugleikar geta verið til staðar þegar skilja þarf á milli ákvæðanna, en slíkt kemur hvað helst í ljós þegar greina þarf á milli þess hvort lægsta stig ásetnings eða efsta stig gáleysis hafi náð til þess að bana árásarpóla.

Við könnun á dómum Hæstaréttar, þar sem reynt hefur á mörkin milli ákvæðanna tveggja, vekur sérstaka athygli að aldrei hefur sakfelling fyrir fullframið brot gegn 211. gr. hgl. verið byggð á lægsta stigi ásetnings. Í fáeinum dómum, sem gengið hafa um brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl., mætti telja að sérstakt tilefni hafi gefist til að staðreyna lægsta stig ásetnings til afleiðinga verknaðar. Með það í huga virðist sakarmat dómstóla við að greina á milli ásetnings og gáleysis til afleiðinga verknaðar, einkum lúta að því að greina hvort líkindaásetningur nái að minnsta kosti til afleiðinga verknaðar. Sé svo ekki virðist þykja varlegast að meta afleiðingar til gáleysis og fella með því verknað undir 2. mgr. 218. gr. hgl. Telja mætti að sú niðurstaða taki mið af þeirri meginreglu við meðferð sakamála að vafa skuli skýra sökuðum manni í hag.

Könnun var gerð á þeim dómum Hæstaréttar sem gengið hafa á tímabilinu 1980 til 2010, um helstu verknaðaraðferðir sem beitt hefur verið við fullframningu brota, þar sem reynir á ákvæði 211. gr. hgl. og 2. mgr. 218. gr. hgl. Athugunin var gerð í þeim tilgangi að kanna nánar vægi verknaðaraðferða við sakarmat í málum þar sem reynir á mörk ákvæðanna tveggja. Varast ber að draga of víðtækar ályktanir af könnun þessari í ljósi þess að þeir dómur sem fallið hafa um skil milli ákvæðanna eru tiltölulega fáir.

Af könnuninni má ráða að í þeim tilvikum þegar eggvopni hefur verið beitt við verknað virðist sakfelling fyrir brot gegn 211. gr. hgl. einkum og sér í lagi byggjast á því að verknaður hafi verið fullframinn með hættulegri aðferð. Slíkt er gagnrýnivert í fáeinum tilvikum þegar einni stungu hefur verið beitt við atlögu, þá sérstaklega þegar höfð er í huga að sú staðreynd að þrátt fyrir að

eggvopni sé beitt við verknað þarf slíkt ekki að gefa eindregið til kynna ásetning geranda til þess að valda bana.

Þegar verknaður hefur verið fullframinn með kyrkingu eða hálstaki virðast dómáramur gefa því aukið vægi við sakarmat hversu hart var gengið fram við atlöguna. Greina má nokkur tilfelli þar sem sérstaklega hefur verið vikið að því í niðurstöðu dóma að hættulegri aðferð hafi verið beitt við verknað, en slíkt virðist helst eiga við þegar ekki liggja fyrir gögn eða játning sem sýna fram á það hversu langvarandi og hrottarleg atlagan var sem leiddi til dauða.

Þegar höggum og spörkum hefur verið beitt við atlögu sem leiðir til dauða virðast dómáramur líta í veigamiklum atriðum til þess að hættueiginleikar slíkrar aðferðar séu almennt ekki miklir og telja í framhaldinu rétt að meta afleiðingar slíks verknaðar til gáleysis. Slíkt er athugavert í ljósi þess að vilji geranda kann að standa til þess að bana árásarpóla, þótt gengið hafi verið fram með slíkri aðferð. Þá getur sú aðferð að beina ítrekuðum höggum og spörkum að viðkvæmum stöðum líkamans verið lífshættuleg, eins og dæmin sanna.

Telja verður að gefa skuli því frekara vægi hversu hart var gengið fram við atlögu þegar skilið er á milli ákvæða 211. gr. og 2. mgr. 218. gr. hgl. í stað þess að meta viljaafstöðu með hliðsjón af hættueiginleikum verknaðaraðferða einum. Sé vafi uppi í slíkum tilfellum um saknæmisstig, mætti telja að frekar eigi að meta afleiðingar verknaðar til gáleysis og fella verknað undir 2. mgr. 218. gr. hgl. Í þeim tilvikum væri unnt að beita refsihækkunarákvæði 3. tölul. 70. gr. hgl.¹⁰³ hafi verið veist að árásarpóla með hættulegu tæki eða aðferð. Slíkt samrýmist þeirri grundvallarreglu um að vafa skuli skýra sökuðum manni í hag.

Þegar upp er staðið er óhætt að slá því föstu að verknaðaraðferðir hafi mikið vægi við sakarmat, í þeim tilgangi að greina hvort afleiðingar verknaðar verða raktar til ásetnings eða gáleysis. Vissulega standa dómáramur oft frammi fyrir því að þurfa að staðreyna saknæmisstig með hliðsjón af verknaðaraðferðum einum, sérstaklega þegar ekki liggja fyrir önnur sönnunargögn sem varpað geta ljósi á huglæga afstöðu geranda. Burtséð frá

¹⁰³ 1. mgr. 70. gr. hgl. hefur að geyma atriði sem leitt geta til refsipýngingar innan refsimarka ákvæðanna sem hér eru til skoðunar. Í 3. tölul. er vikið að því að líta beri til verknaðaraðferða og hversu mikil hætta var búin af verkinu við ákvörðun refsingar. Sé hættulegri aðferð á borð við barefli, hníf eða skotvopni beitt við fullframningu manndráps eða líkamsárása er unnt að líta til tölulíðarins þegar refsing er ákveðin vegna brotsins. Sjá Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík 1993, bls. 254-255.

Því eru nokkur mál gagnrýniverð þar sem greina má að verknaðaraðferðir hafi haft afgerandi vægi við sakfellingu fyrir brot gegn ákvæði 211. gr. og jafnframt 2. mgr. 218. gr. hgl., jafnvel þótt atriði hafi legið fyrir sem gáfu tilefni til að skoða nánar hvort gáleysi eða eftir atvikum ásetningur hafi náð til afleiðinga verknaðar.

Fyrrgreinda niðurstöðu mætti telja varhugaverða og gefa tilefni til frekari skoðunar, í ljósi þess að verknaðaraðferðir einar og sér eru ekki ávallt til þess fallnar að veita einhlíta vísbendingu um huglæga afstöðu geranda í manndráps og líkamsárásarmálum.

Heimildaskrá

Alþingistíðindi, A-deild, 1939.

Alþingistíðindi, A-deild, 1979-1980.

Ármann Snævarr, „Breytingar á almennum hegningarlögum í ljósi breyttra viðhorfa í refsirétti“. *Tímarit lögfræðinga* 1983 (3), bls. 133-177.

Ármann Snævarr, „Orsakatengsl og skaðvæni atferlis“. *Úlfljóttur* 1976 (4), bls. 229-244.

Ármann Snævarr, *Þættir úr refsirétti I*. 2. útg. Reykjavík 1983.

Ármann Snævarr, *Þættir úr refsirétti II*. 2. útg. Reykjavík 1983.

Árnína Steinunn Karlsdóttir og Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, „Manndráp af ásetningi. Dómar Hæstaréttar 1900-2000“. *Úlfljóttur* 2002 (2), bls. 163-189.

Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars*. 2. útg. Reykjavík 2009.

Greve, Vagn; Jensen, Asbjørn og Nielsen, Gorm, *Kommenteret straffelov. Almindelig del*. Kaupmannahöfn 2005.

Hansen, Michael, „Hypotetisk forsæt ved flerhed af forpligtelser“. *U 2006 (B)*, bls. 384-386.

Hansen, Michael, „Om forsætsbegrebets nedre område“. *U 2002 (B)*, bls. 391-397.

Jewkes, Yvonne, *Media and crime*. Thousand Oaks, CA 2010.

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*. Reykjavík 1999.

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð II*. Reykjavík 2002.

Jónatan Þórmundsson, „Grundvallarreglan um saknæmi“. Í Davíð Þór Björgvinsson (ritstj.), *Afmælisrit. Þór Vilhjálmsson sjötugur, 9. júní 2000*. Reykjavík 2000, bls. 311-349.

Jónatan Þórmundsson, „Líknardráp“. *Úlfljóttur* 1976 (3), bls. 153-171.

Jónatan Þórmundsson, „Ólögætti verknaðar og refsileysisástæður“. *Tímarit lögfræðinga* 2005 (3), bls. 357-385.

Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík 1993.

Langsted, Lars, „Dolus eventualis en del af gældende danske ret“. *U 1988 (B)*, bls. 131-139.

Ragnheiður Bogadóttir, „Líkamsárásir samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þegar sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu.“ *Úlfljóttur* 2007 (4), bls. 823-884.

Róbert R. Spanó, „Refsiréttur“. Í Róbert R. Spanó (ritstj.), *Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði*. Reykjavík 2006, bls. 343-370.

Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar. Rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga 1951-2000*. Reykjavík 2003.

Stefán Már Stefánsson, *Um sönnun í sakamálum*. Reykjavík 2007.

Svala Ólafsdóttir, *Meðferð opinberra mála*. Reykjavík 1992.

Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar

H 1946.511	H 1987.700	H 1998.2060
H 1962.755	H 1987.1063	H 45/2000
H 1973.912	H 1988.222	H 24/2001
H 1980.89	H 1988.1583	H 121/2001
H 1980.883	H 1988.1604	H 235/2003
H 1980.1021	H 1989.634	H 141/2005
H 1981.639	H 1990.59	H 408/2005
H 1981.710	H 1990.1296	H 508/2005
H 1983.1234	H 1992.605	H 524/2005
H 1984.688	H 1992.1658	H 415/2006
H 1985.646	H 1994.514	H 602/2006
H 1986.847	H 1997.1024	H 171/2010
H 1986.1287	H 1998.1503	

Héraðsdómar

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 19. desember 1977.

Danskir dómar

U 1918.946 H

U 1992.455

Lagaskrá

Lög nr. 19/1940. Almenn hegningarlög.

Lög nr. 33/1944. Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands.

Lög nr. 20/1981, um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Lög nr. 15/1991, um ákvörðun dauða.

Lög nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu.

Lög nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

